

LÖGMANNABLAÐIÐ

30 ára

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS



2. TBL. 31. ÁRG. 2025

Öryggi Íslands í
breyttum heimi

Málflutningur
lögmannna

Hef ennþá brennandi
áhuga á lögfræði

Vika í lífi
lögmanns

Örugg eyðing gagna



Hvað gerir þú við gamla farsímann?



Hvað verður um tölvubúnaðinn þinn?



Geymir þú viðkvæmar upplýsingar á USB lykli?



Hvað verður um gögnin þín?

Gagnaeyðing eyðir hverskyns gögnum og búnaði samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 - 17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



GAGNAEYÐING

Efnisyfirlit

Félagsmál

- 4 | Gömul sannindi og ný
- 6 | Mikilvægt samtal
- 33 | Af vettvangi félagsins
- 34 | Að verja grundvallarreglur réttaríkisins
- 76 | Hver/Hvað/Hvert

Lögmennskan

- 10 | Á milli steins og sleggju
- 14 | Nokkur orð um skipulag málsmeðferðar í héraði
- 16 | Við getum betur
- 20 | Hvað ættu lögmenn að hafa í huga við málflutning?
- 26 | Að nálgast mál sem fagmenn
- 28 | Málflutningur er ávanabindandi
- 30 | Vertu Jakob
- 38 | Umbylting eða úrelding – reynsla af notkun gervigreindar
- 46 | Hef ennþá brennandi áhuga á lögfræði
- 58 | Lagaleg áhættustýring í tækniþróun
- 62 | Prófmál teljast ekki sem eiginleg mál
- 64 | Vika í lífi lögmanns: Fjölbreyttar áskoranir frá degi til dags

Umfjöllun

- 8 | Öryggi Íslands í breyttum heimi
- 41 | Foreldraður lögfræðilegur ráðgjafi
- 44 | Myndir frá Lagadegi/kvöldi
- 50 | Tæknivæðing dómstólanna tekur skref fram á við
- 54 | Bifreiðahlunnindi eigenda og stjórnenda
- 57 | FKL í Landsrétti
- 68 | Staða tjónpola í gallamálum
- 70 | Rammaáætlun, stjórnsýslan og réttarríkið
- 73 | Könnun á þjónustu og trausti til dómstóla

Lögmennablaðið

logmennabladid.is

Útgefandi: Lögmennafélag Íslands,

netfang: lmfi@lmfi.is, heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Unnur Lilja Hermannsdóttir; unnur@landslog.is,

Aðstoðarritstjóri

Eyrún Ingadóttir; eyrun@lmfi.is

Ritnefnd

Arnar Vilhjálmur Arnarsson

Ásgeir Sigurður Ágústsson

Halla Björgvinsdóttir

Hildur Þórarinsdóttir

Hjalti Geir Erlendsson

Peter Dalmay

Hönnun forsíðu

Sítrus stúdíó ehf.

Forsíðumynd

Sígga Ella. (siggaella.com)

Umbrot

Kristín Jóna Þorsteinsdóttir stafrænn sérfræðingur.

Prentun

Litróf

Umsjón auglýsinga

Öflun ehf., sími 530 0800; oflun@oflun.is

ISSN 1670-2689

Stjórn LMFÍ

Stefán A. Svansson formaður.

Sigrún Helga Jóhannsdóttir varaformaður.

Auður Björg Jónsdóttir ritari.

Arnar Vilhjálmur Arnarsson meðstjórnandi.

Varamenn í stjórn

Bergrún Elín Benediktsdóttir.

Gísli G. Hall.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson.

Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri.

Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri.

Eva Hrönn Jónsdóttir lögmaður.

Kristín Jóna Þorsteinsdóttir stafrænn sérfræðingur.



Gömul sannindi og ný

Það þarf ekki að glugga í mörg Lögmannablöð til að sjá að málskostnaðarákvarðanir dómstóla og þóknanir til handa skipuðum verjendum og talsmönnum eru sígilt þrætuepli. Hefur lögmönnum oft þótt helst til naumt skammtað og ekki að ófyrirsynju.

Lögmannafélagi Íslands bárust nýlega ábendingar frá félagsmönnum vegna ákvarðana Landsréttar um þóknun til handa skipuðum verjendum og talsmönnum í dómum og úrskurðum sem gengið hafa á stuttu tímabili. Annars vegar virðist sem rétturinn hafi, í reynd, í tveimur málum talið tilefni til að lækka tildæmda og þegar greidda þóknun verjenda vegna flutnings máls í héraði án þess að ákærvaldið hafi gert athugasemdir við ákvarðaðan málskostnað. Hins vegar var horfið frá venjubundinni þóknun vegna kæra úrskurða í málum sem rekin eru á grundvelli lögræðislaga nr. 71/1997. Hvort tveggja kemur á óvart. Líkt og fram kemur í blaðinu hefur félagið sent formlegt erindi á Landsrétt og óskað eftir fundi með forseta réttarins vegna þessa ásamt því að ræða málskostnaðarákvarðanir og ákvarðanir um þóknanir til handa verjendum, réttargæslumönnum og talsmönnum í víðara samhengi.

Félagið hefur einnig nýverið sent ítrekun á fyrri erindum til dómsmálaráðuneytisins og bent á að viðmiðunarþóknun samkvæmt reglum nr. 965/2015 um þóknun og útlagðan kostnað skipaðra lögráðamanna hefur staðið óbreytt í rúm 10 ár. Úr þessu verður augljóslega að bæta.

Félagið hefur jafnframt farið þess á leit við dómsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir breytingum á gildandi reglum um tekju-

viðmið umsækjenda um gjafsókn, enda ljóst að gildandi viðmið endurspegla ekki þann veruleika sem blasir við öryrkjum og tekjulágum, meðal annars vegna hækkandi húsnæðis- og framfærslukostnaðar. Framangreint er sjálfsagður liður í að tryggja aðgang að dómstólum í samræmi við ákvæði 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Til meðferðar nú fyrir dómi eru kröfur Skattsins um afhendingu skráa um ótiltekna viðskiptavini lögmannsstofa sem liður í almennu skatteftirliti. Hefur í því sambandi verið vísað til 4. mgr. 94. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003. Lögmannafélagið hafði áður sent Skattinum erindi þar sem bent var meðal annars á að þó kveðið sé á um í 5. mgr. 94. gr. laga nr. 90/2003 að ákvæði annarra laga um þagnarskyldu víki fyrir ákvæðum greinarinnar, telji félagið að við skýringu ákvæðisins verði að gæta að þeirri ríku þagnar- og trúnaðarskyldu sem hvílir á lögmönnum og ákvæðið verði ekki túlkað í tómarúmi gagnvart þeim skyldum. Félagið fylgist grannt með framvindu mála.

Eins og vill stundum verða gustar þannig um ýmis brýn en sígild málefni félagsmanna. Svo verður vafalaust áfram eins og sagan kennir okkur. Að lokum óska ég fyrir hönd stjórnar félagsins félagsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Heildarlausn fyrir nútíma lögmennsku

Við kynnum nýtt skaðabótakerfi og Lögfinn, gervigreind sem vinnur með þér

Heildarlausn fyrir lögmenn

Mál, verkefni, tímaskráning, skjöl o.fl. á einum stað. Kerfið sameinar alla þætti rekstursins í eina örugga lausn sem eykur yfirsýn og einfaldar dagleg störf lögmanna

Lögfinnur: Þinn nýi aðstoðarmaður

Háþróuð gervigreind og leitarvél sem sparar dýrmætan tíma við rannsóknarvinnu og aðstoðar við að finna réttu heimildirnar hratt og örugglega.



Sérhæft Skaðabótakerfi

Heldur utan um slysamál og reiknar bætur, vexti og verðbætur miðað við forsendur. Kerfið lágmarkar hættu á mistökum í flóknum útreikningum og tryggir nákvæmt uppgjör.

Tengingar

- Sharepoint / Onedrive fyrir skjöl
- Outlook fyrir tillögur að tímaskráningum
- Bókhaldstengingar fyrir reikningagerð
- Dagskrá dómstólanna

Vergo er örugg heildarlausn fyrir lögfræðinga. Með Vergo færðu eitt sameinað tól fyrir mál, skjöl, tíma- og kostnaðarskráningu, verkefnastjórnun og sérhæfða heimildarleit. Þannig getur lögfræðistofan einbeitt sér að lögfræðinni, en Vergo sér um kerfin. Fleiri spennandi nýjungar eru væntanlegar.

Pantaðu kynningu eða fáðu prufuaðgang á vergo.is | Sími: 581 1700 | Netfang: vergo@vergo.is



Mikilvægt samtal

Ímynd lögmansins út á við er mikið til bundin við skikkjuna; lögmenninn í réttarsalnum sem flytur mál umbjóðanda síns af öryggi. Í þessu tölublaði beinum við sjónum að þessum þætti; góðum málflutningi. Allir lögmenn vilja flytja mál sín vel og opið samtal þar um er bæði gagnlegt og skemmtilegt. Í blaðinu deila reynslumiklir lögmenn hagnýtum ráðum og sýn á hvað einkennir árangursríkan málflutning. Jafnframt urðu landsréttardómarar við bón ritstjórnar um að fjalla um málflutning lögmanna frá sjónarhorni dómara sem er afskaplega verðmætt fyrir okkur lögmenn. Um margt ríkir samhljómur: Lykilatriði er að þekkja málsgögnin vel, sem og styrkleika og veikleika mála og geta brugðist við og aðlagð málflutning ef þörf krefur.


Þó hlutverk lögmanna og dómara séu ólík þurfa þessir aðilar að vinna vel saman til að kerfin virki sem best. Ásíðum blaðsins er efnt til frekara samtals milli lögmanna og dómara um skipulag og skilvirkni málsmeðferðar í héraði og leiðir til umbóta. Dómsstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur leggur m.a. til að komið verði á

fót vinnuhópi lögmanna og dómara þar sem unnið verður að umbótamálum með það fyrir augum að móta og prófa nýtt verklag, sem viðbrögð við greinum tveggja lögmanna í lögmannaþróun. Það er spennandi tillaga enda samstarf þessara hópa lykill að þróun skilvirks réttarkerfis.

Við höldum áfram mikilvægu samtali um réttarríkið – grundvallarstoð samfélagsins. Dómsmálaráðherra fjallar um varnarsamstarf, mikilvægi styrks almannavarnarkerfis og um vandrataðan veg umræðu um öryggis- og varnarmál. Framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins fjallar um samstarf lögmannafélaga sem lúta meðal annars að því að verja grundvallarreglur um réttarríkið. Við fáum jafnframt innsýn í vandasamt hlutverk innanhússlögmanna og mikilvægi siðareglna í þeirra störfum til þess einmitt að tryggja stoðir réttarríkisins. Þetta er þó aðeins hluti af því fjölbreytta og vandaða efni sem blaðið hefur að geyma. Ritstjórn þakkar öllum þeim sem gáfu sér tíma til að leggja efni til blaðsins og minnir á heimasíðu þess þar sem allar greinar birtast, logmannabladid.is.

Blaðið kemur út í byrjun desember sem er hjá mörgum einn annasamasti tími ársins. Þá er landlægt að vilja ljúka málum og koma í farveg, allt á meðan reynt er að halda jólahefðunum gangandi, viðhalda tengslaneti og sinna skyldum heima fyrir. Við hvetjum lögmenn til að taka sér hvíld frá þessum annasama tíma, fá sér smáköku og súkkulaði og víða að sér fróðleik blaðsins. Megi hátíðirnar fara mjúkum höndum um stéttina og blaðið fylgja okkur áfram inn í nýtt ár með fleiri sólarstundum.





Öryggi Íslands í breyttum heimi

Það er ekki ofsögum sagt að heimsmyndin hefur breyst á stuttum tíma. Frá því að vera fremur friðsæl yfir í heim þar sem ríki margfalda fjárveitingar til öryggis- og varnarmála, tollastríð vofir yfir og alþjóðareglur virðast stundum upp á punt.

Það er eðlilegt að við stöldrum við. Evrópa er að vígvæðast og efla varnir sínar. Á vettvangi stjórnmálanna eru öryggis- og varnarmál ofar á dagskrá en áður. Ísland er eina NATO ríkið sem ekki er með sinn eigin her, en við njótum verndar á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 við Bandaríkjamenn og aðildar okkar að Atlantshafsbandalaginu.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um stefnu í varnar- og öryggismálum. Markmið hennar er að tryggja sjálfstæði, fullveldi, lýðræðislegt stjórnarfar, friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna og

vernd stjórnkerfis og mikilvægra innviða samfélagsins gegn hernaðarlegri ógn.

Þar er fjallað um aukið alþjóðlegt samstarf, að styrkja og efla samvinnu helstu samstarfsríkja Íslands. Ég er sannfærð um að svarið í þessum aðstæðum er að efla alþjóðlegt samstarf núna í stað þess að draga úr því. Ég er sannfærð um við erum sterkari í samvinnu við aðrar þjóðir.

Í stefnunni kemur einnig fram að tryggja þurfi innlenda getu og viðbúnað, mannauð, átælanir, varnarmannvirki og búnað til að mæta öryggisáskorunum. Að efla þurfi áfallaþol íslensks samfélags, almannavarnir og vernd borgara gagnvart hernaðarógnum. En það er kemur jafnframt fram að auka þurfi greiningargetu og upplýsingamiðlun um áskoranir og ógnir sem geta haft áhrif á Ísland.

Allt er þetta rétt.

Ég hef orðið vör við að almenningur er feiminn og jafnvel smeykur við umræðuna um öryggis- og varnarmál. Ég get vel skilið að hinn almenni maður hugsi um stríð og her og að Ísland sé að blanda sér í átök þegar rætt er um varnir Íslands í fjölmiðlum. Ísland er herlaust land og verður það áfram. Hér er enginn innlendur her og verður ekki. Ísland er á sama tíma skuldbundið til að verja 1,5% af vergri landsframleiðslu til öryggis- og



“Ég er sannfærð um við erum sterkari í samvinnu við aðrar þjóðir.”

varnarmála. Þeir fjármunir verða ekki síst nýttir til að styrkja borgaralega innviði. Það er grundvallaratriði að styrkja borgaralegan viðbúnað; landhelgisgæslu, löggæslu og almanna-varnakerfið í heild. Ég er fullviss um að þjóðin er sammála þessum markmiðum.

Heimsmyndin hefur breyst og fólk tekur eftir því. Og fólk treystir borgaralegum innviðum. Það hefur líklega aldrei verið jafn mikilvægt að styrkja almannavarnir og nú. Hinir borgaralegu innviðir eru fyrsta lína varnar. Það er enda í samræmi við NATO viðmið. Til þess að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum áhrifum áfalla skiptir höfuðmáli að búa yfir öflugum almannavarnakerfi og öflugum borgaralegum innviðum. Grunnurinn að því er áfallaþolið samfélag, þar sem öll svið samfélagsins eru í stakk búin til að takast með samræmdum hætti á við fjölbreyttar áskoranir. Frumvarp til nýrra heildarlaga um almannavarnir eru mikilvægur liður í því að styrkja áfallaþol samfélagsins í heild sinni. Frumvarpið miðar að því að efla almannavarnakerfið, styrkja það sem vel gengur og bæta það sem betur má fara.

Á sama tíma er virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi jafnframt stórt öryggismál. Ísland er og verður virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

Í áður nefndri stefnu í varnar – og öryggismálum sem liggur fyrir Alþingi segir orðrétt: „*Frelsið er ekki sjálfgefið. Það þarf að varðveita frelsið, hafa fyrir því og vernda, ekki síst þegar að því er vegið. Ísland þarf, líkt og önnur bandalagsríki, að horfast í augu við*

nújan veruleika og endurmeta nálgun sína í öryggis- og varnarmálum. Ísland verður að treysta varnir sínar með áframhaldandi öflugri samvinnu við bandamenn sem vilja, líkt og Íslendingar, virða fullveldi annarra ríkja, landamæri og alþjóðalög ásamt því að standa vörð um lýðræði, mannréttindi og frjáls samfélag. Ísland verður að efla eigin getu, viðbúnað og innviði og taka ábyrgð á öryggi landsins og vörnum eins og kostur er, og leggja sitt af mörkum til að stuðla að sameiginlegu öryggi bandalagsríkjanna. Samhliða er nauðsynlegt að byggja upp borgaralegt áfallaþol en undanfarna áratugi hefur verið lögð aukin áhersla á áfallaþol samfélaga sem órofa hluta af vörnum og öryggi ríkja.“

Ísland hefur haldið fast í þau grundvallargildi sem einkenna framsækið og frjálslynt samfélag. Við búum við lýðræði, erum réttarríki með stöndugt réttarkerfi og berum djúpa virðingu fyrir mannréttindum. Þessi gildi eru þó ekki sjálfgefin. Þeim þarf að viðhalda og minna sífellt á mikilvægi þeirra.

“Og fólk treystir borgaralegum innviðum. Það hefur líklega aldrei verið jafn mikilvægt að styrkja almannavarnir og nú.”

Það er nauðsynlegt að við horfumst í augu við þær áskoranir sem fram undan eru. Við verðum að styrkja öryggi okkar og varnir. Verðum að efla borgaralega innviði, auka öryggi almennings og viðhalda því góða samfélagi við höfum búið til á Íslandi, þar sem við njótum frelsis, friðar og öryggis. ♦

Á milli steins og sleggju

Hlutverk innanhússlögmanna

Lögmenn gegna lykilhlutverki í réttarkerfinu þar sem þeir eiga bæði að standa vörð um réttarríkið og gæta hagsmuna viðskiptavina sinna. Þeir eiga að starfa af heiðarleika og óhlutdrægni þannig að sjálfstæði stéttarinnar sé tryggt, en jafnframt vinna af alúð þau verkefni sem þeim eru falin og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta hagsmuna viðskiptavina sinna. Í því felst að veita skýra og óháða ráðgjöf, forðast hagsmunaárekstra og halda trúnaði. Þetta á við um innanhússlögmenn eins og aðra lögmenn.



Í pistli ritstjóra í síðasta tölublaði Lögmanna-
blaðsins kom fram að nú starfi um 25%
félagsmanna Lögmannafélagsins sem innan-
hússlögmenn. Í eðli sínu eru störf innanhúss-
lögmanna að mörgu leyti ólík störfum sjálf-
stæðra lögmanna. Þeir bera skyldur sem
lögmenn en eru á sama tíma starfsmenn
og í beinu ráðningarsambandi við vinnu-
veitandann, viðskiptavininn. Þetta samspil
felur í sér ákveðin álitafni.

Hlutverk innanhússlögmanna

Hlutverk innanhússlögmanna er ekki ein-
göngu að veita lögfræðilega ráðgjöf. Sem
starfsmenn er ætlast til þess að innanhúss
lögmenn leggi sitt af mörkum til stefnu-
mótandi og rekstrarlegra markmiða fyrir-
tækisins og hjálpi til við að finna lausnir á
hinum ýmsu álitafnum. Þeir veita bæði
almenna og lögfræðilega ráðgjöf um viðskipti,
áhættustýringu, stjórnarhætti, áætlanir og
ágreiningsmál og taka oft þátt í umræðum
stjórnenda. Þessi nálægð hefur ákveðna kosti

Hlutverk innanhússlögmanna er ekki eingöngu að veita lögfræðilega ráðgjöf.

Í för með sér og stuðlar að betri og hraðari ákvarðanatöku. Nálægðin skapar einnig ákveðinn þrýsting og getur gert skilin milli ákvarðanatöku um viðskipta- eða rekstrarmál og lagalegrar ráðgjafar óljós.

Það kann að vera freistandi fyrir innanhússlögmenn að ganga langt til að leysa vandamál, s.s. með því að gera minna úr áhættuþáttum en raunin er til að hjálpa fyrirtækinu að ná rekstrarlegum markmiðum, hvort sem það er tilkomið vegna þrýstings frá öðrum starfsmönnum eða ekki. Innanhússlögmaður þarf að meta hvort slíkt geti leitt til þess að ákvörðunaraðilar vanmeti raunverulega áhættu og hvort lögmaðurinn sé þannig að brjóta gegn skuldbindingum um sjálfstæði og skyldu til að gæta hagsmuna viðskiptavinar.

Krafa um sjálfstæði er ekki einungis fræðileg. Hún krefst þess að innanhússlögmenn veiti hreinskilna ráðgjöf, greini lagalegar áhættur nákvæmlega og standist óeðlileg áhrif sem geta brenglað lögfræðilega greiningu. Það kann sömuleiðis að vera ástæða fyrir innanhússlögmenn til að gefa því gaum hvenær lögfræðileg ráðgjöf er veitt og hvenær ekki, svo mat á lagalegri áhættu ruglist ekki saman við áhættuvilja fyrirtækisins.

Hagsmunaárekstrar og trúnaðarskyldur

Mat á hagsmunaárekstrum og trúnaðarskyldur eru einnig afar mikilvægir þættir þó að beiting þeirra í starfi innanhússlögmanna geti verið flókin í framkvæmd. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar geta tekið á sig ýmsar myndir.

Ein birtingarmynd er þegar hagsmunir félaga innan samstæðu fara ekki saman. Í lögmannaalögum er kveðið á um undanþágu fyrir innanhússlögmenn frá skyldu um að hafa skrifstofu opna almenningi, fjárvörslureikning og starfsábyrgðartryggingu. Undanþágan er veitt gegn því að lögmaður gegni föstu starfi hjá einkaaðila og veiti engum öðrum þjónustu sem lögmaður. Hvað þýðir það að „veita engum öðrum þjónustu sem lögmaður“? Má innanhússlögmaður ekki sinna þjónustu fyrir önnur félög innan samstæðu þess fyrirtækis sem lögmaðurinn starfar hjá? Hvað ef ráðningarsamningur lögmansins gerir beinlínis ráð fyrir því? Höfundur telur að lögmanni sé heimilt að veita tengdum félögum þjónustu, svo lengi sem lögmaður gætir að öðrum skyldum sínum.

Það kann enn fremur að vera flókið að meta mögulega hagsmunaárekstra þegar viðskiptalegir hagsmunir eða áhættuvilji einstakra sviða eða starfsmanna fara ekki saman við langtíma-hagsmuni fyrirtækisins. Það kunna auðvitað líka að koma upp aðstæður þar sem hagsmunir stjórnar félags og hagsmunir einstakra stjórnenda fara ekki saman. Enn flóknari álitaefni geta komið upp þegar fyrirmæli til innanhússlögmanna stangast á við almennar skuldbindingar lögmansins, s.s. um að gæta

Höfundur telur að
lögmanni sé heimilt
að veita tengdum
félögum þjónustu

að réttarríkinu, eða þegar aðgerðir einstakra starfsmanna eða fyrirtækisins kunna að stangast á við lög. Það kann að setja innanhússlögmann í flókna aðstöðu, einkum vegna stöðu viðkomandi sem starfsmaður fyrirtækisins. Ætla má að innanhússlögmaður verði að hafna því að framfylgja fyrirmælum sem brjóta gegn skyldum lögmannsins, s.s. ef lögmaður telur að aðgerðir fyrirtækis fari gegn lögum. Þannig eigi lögmaðurinn að láta almannahagsmunum ganga framar hagsmunum viðskiptavinarins í ákveðnum tilvikum.

Í þessum tilvikum er mikilvægt að innanhússlögmaður átti sig á því hver viðskiptavinurinn er og hvernig lögmaður gæti best hagsmuna hans. Viðskiptavinurinn er í öllu falli vinnuveitandinn, ekki einstaka stjórnandi. Tilvik þar sem einstakar aðgerðir fyrirtækis eða starfsmanna kunna að vega að heildar- eða langtímahagsmunum fyrirtækisins geta leitt til þess að innanhússlögmaður upplýsi æðstu stjórnendur með formlegum hætti.

Í framkvæmd verður innanhússlögmaður að meta að hvaða marki hagsmunir vinnuveitandans, og annarra tengdra félaga sem lögmaðurinn starfar fyrir, fari saman og hvort uppi séu einhverjir hagsmuna-árekstrar. Innanhússlögmaður ætti að sama skapi að tryggja samþykki fyrir miðlun trúnaðarupplýsinga milli slíkra félaga. Í ákveðnum tilvikum ætti innanhússlögmaður

að leita ráðgjafar utanaðkomandi lögmanna til að tryggja sjálfstæða og óvilhalla ráðgjöf.


Hagnýtar leiðir til að halda jafnvægi

Gott jafnvægi milli skyldna innanhússlögmanna sem sjálfstæðra lögmanna og skilvirkra starfsmanna ræðst af góðri fyrirtækjamenningu, skýru skipulagi og ferlum.

Skýrt og afmarkað hlutverk, aðgengi að viðeigandi upplýsingum, sjálfstæðar boðleiðir til stjórnar, skýrar starfsreglur og skilningur stjórnenda á hlutverki innanhússlögmanna eru lykilatriði til að tryggja sjálfstæði þeirra og að innanhússlögmaður geti gætt hagsmuna fyrirtækisins. Fyrirtæki með innanhússlögmenn innan sinna raða ættu að leggja áherslu á þessa þætti. Þrátt fyrir að beiting þessara reglna sé ekki alltaf einföld í framkvæmd ættu innanhússlögmenn ávallt að hafa þær skyldur sem á þeim hvíla í huga, enda þjóna lögmenn hagsmunum viðskiptavinarins best þegar þeir halda fast í faglegar skyldur sínar.

Höfundur hvetur Lögmannafélagið til að móta skýrari umgjörð um hlutverk innanhússlögmanna og gefa út leiðbeiningarreglur um vafatilvik eins og önnur fagfélög hafa gert. Hátt hlutfall innanhússlögmanna meðal félagsmanna Lögmannafélagsins sýnir að tilefnið er ærið.

Að lokum má nefna að þær skyldur sem hér er fjallað um eiga einungis við um lögmenn, ekki aðra lögfræðinga. Er réttarríkinu og hagsmunum fyrirtækja betur borgið að lögfræðingar hjá fyrirtækjum séu lögmenn? Því verður ekki svarað hér, en vissulega má færa fyrir því ákveðin rök. ♦



Tólakveðjur

Reykjavík

Advokat lögmannsstofa ehf. - Gísli Tryggvason lögmaður

Suðurlandsbraut 52, 2. hæð
108 Reykjavík

ALTUS lögmenn

Laugavegi 182
105 Reykjavík

AM Praxis lögfræðistofa

Kirkjuteigi 21
105 Reykjavík

Arctica Finance hf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Atlas lögmenn

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Baldvin Kristjánsson lögmaður

Lækjargötu 4
101 Reykjavík

BHM - Bandalag háskólamenntaðra

Borgartúni 27
105 Reykjavík

Bótamál

Lágmúla 7
108 Reykjavík

BZ legal ehf.

Fellsmúla 26
108 Reykjavík

DAGO Lögmennspjónusta og ráðgjöf ehf.

Lágmúla 5
108 Reykjavík

Dexter Legal & Holding ehf.

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Draupnir lögmennspjónusta ehf.

Gestur Gunnarsson
lögmaður / Helga Björg
Jónsdóttir lögmaður
Höfðabakka 9D
110 Reykjavík

Eðalklæði ehf.

Langholtsvegi 128
104 Reykjavík

Einar Sigurjónsson lögmaður

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

EVA Lögmenn

Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11
101 Reykjavík

Fasteignamál Lögmennstofa slf.

Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

Forum lögmenn ehf.

Ármúla 13
108 Reykjavík

gbo lögmenn

Barónsstíg 21
101 Reykjavík

Griffon ehf.

Óðinsgötu 4
101 Reykjavík

Hlít slf., lögmennspjónusta

Eva Hauksdóttir lögmaður
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík

Huld Lögmennstofa slf.

Eva Huld Ívarsdóttir
lögmaður
Tryggvagötu 11
101 Reykjavík

Nokkur orð um skipulag málsmeðferðar í héraði

Dómstólar hafa á síðustu misserum beitt sér fyrir reglum sem eiga að gera málsmeðferð skilvirkari. Það verður áhugavert að sjá hvernig reglur um hámarkslengd málflutningsskjala munu reynast, einkum í ljósi þeirra krafna sem gerðar hafa verið í íslensku réttarfari til sjálfstæðrar reifunar á öllum kröfum, atvikum og málsástæðum. Þá hefur Landsréttur greinilega fengið nóg af fjarveru lögmannna utan hefðbundins orlofstíma og úthlutað sjö dögum í lögsmætar fjarvistir. Vonandi hefur þetta góð áhrif svo að Landsréttur nái að skipuleggja starfið betur og sérstaklega að dagskrá réttarins verði tilbúin með lengri fyrirvara.



Af fyrirtökum

Ég hef starfað við lögmennsku síðan vorið 1993. Það hefur alveg ótrúlega margt breyst

í starfinu; viðfangsefnin hafa tekið stakka-skiptum, tækninýjungar hafa gert mörg verkefni margfalt einfaldari en áður og öll skipulagning á flóknari verkefnum er orðin mun markvissari en áður. Gervigreindin er nú að hefja innreið sína og maður er sjálfur kominn á þann aldur að vera með gríðarlega fordóma sem vonandi rjátlast af manni.

Það sem ég vildi segja var hins vegar að málsmeðferðin í einkamálum í héraði mætti almennt séð takast til skoðunar. Dómarar og lögmenn eyða enn fyrst og fremst gríðarlega miklum tíma í tilgangslaugar fyrirtökur mála. Líklega erum við eina stéttin í landinu sem enn sendist með pappírsgögn á milli húsa til þess eins að leggja þau á borðið og staðfesta fresti til að lesa þau. Ein tíu mínútna fyrirtaka kallar á a.m.k. klukkutíma umstang og akstur með tilheyrandi kolefnisspori. Svo ekki sé talað um kostnað við þetta allt.

Líklega erum við eina stéttin í landinu sem enn sendist með pappírsgögn á milli húsa



Boðun í fyrirtökur væri líka mun þægilegri og nútímalegri ef hún væri í formi fundarboðs og lögmenn fengju um leið rafrænan aðgang að skjalamöppu málsins hjá dómstólnum (eða í skýinu). Eins og staðan er núna er verið að skanna inn sömu gögn á mörgum stöðum, prenta út og senda á milli.

Nokkrar hugmyndir

Rekstur dómsmála er (einmitt) ekki einkamál dómara og lögmanna. Í mörgum tilvikum er hópur fólks viðriðinn málið, umbjóðendur og ráðgjafar þeirra þurfa að yfirfara gögn, vitni þurfa boðun í tæka tíð og dómkvaddir matsmenn þurfa mun meira aðhald í virkari skilafrestum þannig að áætlun um málsmeðferð standist. Stundum riðlast skipulagið, vikur verða að mánuðum og mánuðir að árum. Allt þetta eykur álag á dómstólana, sóar tíma og umbjóðendur skilja ekkert í því hvernig þetta getur gerst.

Eins og staðan er núna er verið að skanna inn sömu gögn á mörgum stöðum, prenta út og senda á milli.



Orð eru til alls fyrst og ég vil nefna nokkrar hugmyndir sem gætu komið að gagni:

Eftir greinargerðarskil þurfa að líða að lágmarki 4-6 vikur fram að fyrirtöku máls svo stefnandi geti kynnt umbjóðanda sínum ný gögn, aflað frekari gagna og tekið afstöðu til þess hvernig frekari sönnunar-færsla fari fram.

Við fyrstu fyrirtöku málsins verði dómari og lögmenn vel undirbúnir. Þar verði sett upp tímasett málsmeðferðaráætlun fyrir fyrirtökur, aðalmeðferð og uppkvaðningu dóms. Þá geta allir hlutaðeigandi búið til pláss í dagbókum og nýtt tímann betur.

Í flestum tilvikum ætti að duga ein viðbótar fyrirtaka (eftir atvikum rafræn) þar sem gagnaöflun yrði lokið. Lögmenn geta vel skipst á gögnum um leið og þau verða til og sent dómara. Þessi fyrirtaka ætti að vera t.d. einum mánuði fyrir aðalmeðferð. Þá væri hægt að ræða fyrirkomulag aðalmeðferðarinnar, málflutningstíma, skýrslutökur og önnur praktísk atriði. Dómari gæti jafnframt beint til lögmanna að fjalla í málflutningi um tiltekin atriði fremur en önnur og eingangrað betur það sem aðalmeðferðin ætti að snúa að.

Héraðsdómarar ættu alltaf að kveða upp dóm innan fjögurra vikna eins og lög kveða á um. Það er alltof algengt að þetta dragist lengur og í raun algjörlega óásættanlegt þegar það veldur því að héraðsdómar eru ómerktir í áfrýjunardómi. Fyrir utan að það er miklu betra að semja dóm strax í framhaldi af aðalmeðferð.

Ég vona að þessar ábendingar vekji til umhugsunar og umræðu. Útfærslurnar er hægt að leysa ef málið er nálgað með opnum huga. ♦

Við getum betur

Skipulag og skilvirkni málsmeðferðar í héraði

Í nýlegum greinum í Lögmannablaðinu hafa tveir lögmennt skrifað um skilvirkni í rekstri einkamála í héraði og lagt til nokkrar breytingar á verklagi. Það er ánægjulegt að lögmennt skuli gefa þessu málefni gaum. Mér hefur lengi þótt mikið til um þolinmæði stéttarinnar og velt því fyrir mér hvers vegna ekki eru uppi háværi raddir í hópi lögmanna um aukna skilvirkni og hraðari málsmeðferð. En nú bregður svo við að Jóhannes Karl Sveinsson stingur niður penna og með kurteisum hætti segir að málsmeðferð einkamála í héraði „mætti almennt séð takast til skoðunar“. Ég tek undir með honum og held að núna sé góður tími til að gera einmitt það.



Prófum nýtt verklag

Fyrst og fremst vil ég beina sjónum að því sem lögmennt og dómarmar geta tekið höndum saman um að breyta án þess að nokkuð annað komi til. Ýmislegt af því sem tíðkast, og kalla mætti ósiði, er hvorki bundið í lög eða reglur og sumt er beinlínis í andstöðu við réttarfarslög auk þess sem gildandi lög veita margvíslegt svigrúm fyrir skynsamari vinnubrögð.

Enginn getur með haldbærum rökum neitað því að þinghald í héraðsdómi í þeim eina tilgangi að annar lögmanna leggi fram skjal og hinn óski eftir fresti til að lesa það, er slök meðferð á tíma og sóar auk þess fleiri verðmætum. Til þess að leggja svona verklag af þarf hins vegar vilja allra þeirra sem taka þátt í að viðhalda þessu fyrirkomulagi, ekki síst lögmanna. Höfum í huga að réttarfarslög geri ráð fyrir því að mál séu að jafnaði tekin fyrir einu sinni eftir að greinargerð hefur verið lögð fram og reglur dómstólasýslunnar um

Til þess að leggja
svona verklag af þarf
hins vegar vilja allra

sama efni – sem eru aðeins raunsærri – segja tvisvar.

Þá eru fjarfundafyrirtökur og sending gagna með rafrænum hætti að líkum vannýtt tækifæri í þessu efni en almenn heimild til þeirrar málsmeðferðar gekk í gildi í maí í fyrra.

Jóhannes Karl leggur til nokkrar breytingar á skipulagi málsmeðferðar einkamála allt frá því að greinargerð er lögð fram og þar til dómur er kveðinn upp. Meginefni þeirra snýst um að skipuleggja vinnu lögmanna og dómara fyrir fram, með málsmeðferðaráætlun, í því augnamiði að þinghöld hafi tilgang sem öllum er ljós við mætingu, forðast óþarfa tafir og undirbúa aðalmeðferðina með markvissari hætti. Tillögur hans fela ekki í sér umbyltingu heldur betrubætur sem velflestar er hægt að innleiða. Til að hrinda þeim í framkvæmd kunna bæði lögmenn og dómarar að þurfa að breyta verklagi að einhverju leyti og vinna verk sín að hluta í annarri röð en venja er. Í öllu falli eru tillögurnar vel þess virði að skoða vandlega og einfaldlega kanna hvernig þær virka í framkvæmd. Því legg ég til að við setjum á fót hóp hinna viljugu – eða eigum við að segja hinna umbótasinnuðu – lögmanna og dómara, sem eru reiðubúin að setjast niður og í sameiningu móta og prófa nýtt verklag.

Að einhverjum tíma liðnum myndi sami hópur meta árangurinn, ræða hann í stærri hópi dómara og lögmanna og leggja

til nýjar skriflegar verklagsreglur. Ég hef trú á því að tillögur um styttri og hnitmiðaðri stefnur og greinargerðir á grundvelli nýrra viðmiðunarreglna geti verið hluti af bættu verklagi, ásamt tímasettri málsmeðferðaráætlun, fastari tókum á tímaáætlunum matsmanna, þinghaldi þar sem fer fram raunverulegur undirbúningur aðalmeðferðar ásamt fleiru sem Jóhannes Karl nefnir í grein sinni.

Matsgerðir og sættir

Þegar kemur að málsmeðferðartíma einkamála staldra ég sérstaklega við þann tíma sem tekur að afla matsgerða. Það geta liðið margir mánuðir, jafnvel ár, þar sem það eitt gerist í einkamáli að beðið er eftir matsgerðum og eftir atvikum yfirmatsgerðum. Þetta þarf að skoða sérstaklega og ef til vill þurfa dómarar, í samvinnu við lögmenn, að taka fresti til að afla slíkra sönnunargagna fastari tókum.

Ég vil líka nefna að samkvæmt réttarfarslögum hafa dómarar talsvert svigrúm til að leita sátta. Margir dómarar leggja metnað sinn í að ljúka máli með réttarsátt fremur en dómi. Fyrir utan meiri skilvirkni, sem slík málalok fela í sér, þá er ávinningur sátta margvíslegur, einkum fyrir aðila sjálfa. Hér getur aukin samvinna milli dómara og lögmanna, og betri skilningur á hlutverki hvers um sig, skilað umtalsverðum árangri.

Því legg ég til að við
setjum á fót hóp
hinna viljugu

Forflutningur

Loks finnst mér áhugaverðar hugleiðingar Arnars Þórs Stefánssonar lögmanns um forflutning mála í upphafi aðalmeðferðar. Hér erum við komin að skipulagi aðalmeðferðarinnar sjálfrar. Eins og Arnar Þór bendir réttilega á þá tíðkast ekki í framkvæmd að nýta þetta úrræði hér á landi, ólíkt því sem gildir um fyrirmynd þess úr danskri löggjöf. Fyrir því geta legið ýmsar ástæður en ég held að það væri vel þess virði að skoða af fullri alvöru að nýta betur þetta réttarfarsúrræði. Fyrir utan að geta gert aðalmeðferðina sjálfa markvissari gæti það líka gagnast dómurum vel að lögmenn leggi sitt af mörkum til að skýra það hvað af atvikum máls eru óumdeild og hvaða málsástæður í raun er tekist á um. Stundum fer mestur tími dómaskrifa í að greiða úr þessum atriðum.

Í lokin

Hér hefur ekkert verið minnst á tæknimálin heldur sjónum beint að því mannlega – vananum og venjubundnu verklagi sem getur reynst þrautin þyngri að hafa áhrif á. Hitt liggur hins vegar fyrir að tæknilegt umhverfi dómstólanna er orðið verulegur fjötur um fót þegar kemur að skilvirkum og nútímalegum vinnubrögðum. Góðu fréttirnar eru aftur á móti þær að þróun stafrænna lausna og pappírslausrar málsmeðferðar er í raun í fullum gangi og hefur þegar verið innleidd við úrlausn rannsóknarúrskurða og er hafin í meðferð sakamála. Gera má ráð fyrir að innleiðing slíkra lausna muni fyrr en síðar verðvæðing tekna upp við meðferð einkamála. Þar er nær að tala um byltingu fremur en hægfarela umbætur. ♦


Lúðvík Emil Kaaber

Löggiltur skjalapýðandi í íslensku og ensku

Klukkulandi, 471 Þingeyri

Löng reynsla af þýðingum á réttarskjöllum, samningum og greinargerðum fyrir lögmenn, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmennstörfum.

Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is



Tólakveðjur

Venture legal

Bjargargötu 1
Grósku hugmyndahúsi
102 Reykjavík

Íslenska lögfræðistofan

Austurstræti 10a
108 Reykjavík

Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Juralis, lögmannsstofa

Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

Juvo Lögmenn

Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

K·R·S·T Lögmenn

Tryggvagötu 11, Hafnarhvoli
101 Reykjavík

Kjöreign ehf., fasteignasala

Dan Wium lögmaður
Ármúla 21
108 Reykjavík

Lagahvoll slf.

Bankastræti 5
101 Reykjavík

Lagamál ehf.

Freyjugötu 36
101 Reykjavík

Lagavarðan ehf.

Skólavörðustíg 6b
101 Reykjavík

Libra lögmenn ehf.

Tjarnargötu 36
101 Reykjavík

LLG lögmenn ehf.

Laugavegi 31
101 Reykjavík

LMN lögmannsstofa

Hrannar Hafberg lögmaður
Skeifunni 4
108 Reykjavík

Lögfræðipjónusta

Sigurðar Sigurjónssonar hrl.

Kirkjuteigi 21
105 Reykjavík

Löggarður ehf.

Davíð Örn Guðnason
lögmaður
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Lögmannsstofa Ingimars Ingimarssonar hrl. sf.

Síðumúla 23
108 Reykjavík

Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl.

Skipholti 50b
105 Reykjavík

Lögmenn Árbæ slf.

Nethyl 2
110 Reykjavík

Lögmenn Promptus slf.

Borgartúni 28
108 Reykjavík

Lögskipti ehf.

Ármúla 18
108 Reykjavík

Lögstofa Steinbergs Finnbogasonar

Lækjargötu 4
101 Reykjavík

Lögsýn ehf.

Skipholti 50d
105 Reykjavík

Málsefni

Lögmannspjónusta - Legal Iceland Law Services

Laugavegi 178
105 Reykjavík

Hvað ættu lögmenn að hafa í huga við málflutning?

Þurfa lögmenn að vera góðir ræðumenn og að hverju þarf að huga við málflutning? Hegðun, atferli og framkoma lögmanna í dómsal er þema þessa tölublaðs og að gefnu tilefni fékk ritstjórn landsréttadómarana Ásgerði Ragnarsdóttur og Eirík Jónsson til að svara nokkrum spurningum.



Forsenda góðs málflutnings

Að hverju þurfa lögmenn að gæta í málflutningi?

Fyrst og fremst að þekkja málið vel og málsögðin. Það er mikilvægt að búið sé að undirbúa ræðupunkta og gæta að tímamörkum. Að okkar mati er best að leggja áherslu á þær málsástæður sem lögmaðurinn telur sterkastar, reifa þær vel og styðja með tilvísunum í réttarheimildir og eftir atvikum lögskýringargögn og fræðiskrif. Hafa í huga að það er óþarft að reifa allar málsástæður og í góðu lagi að vísa til umfjöllunar í stefnu eða greinargerð. Það er þýðingarmikið að málflytjandi geri sér grein fyrir veikleikum í máltilbúnaði sínum og leitist við að tækla þá að fyrri bragði. Endurtekningar geta verið þreytandi og stundum er til dæmis óþarft að draga málið saman í lokin eins og sumir gera.

Það er einnig einkenni á góðum málflytjanda að hann er tilbúinn til að svara spurningum dómara. Þá skiptir máli að hlusta vel á

spurningarnar og leitast við að svara þeim af yfirvegun og til samræmis við efni þeirra. Það kunna að vera eðlileg fyrstu viðbrögð, þegar lögmaður er að leitast við að koma að öllu því sem hann vill segja á þeim takmarkaða tíma sem honum hefur verið úthlutað, að upplifa spurningar sem óþægilega truflun eða röskun á tímaáætlun hans. Það er hins vegar oft einmitt í svörum við slíkum spurningum sem lögmanni kann að takast að sannfæra dómara. Dómarinn er enda almennt að spyrja að atriðum sem hann telur hafa þýðingu í málinu og því er tímanum betur varið í að leggja sig fram við að svara spurningum skýrt frekar en að reyna að skauta sem auðveldast fram hjá þeim til að takast að segja allt sem fyrir fram var ákveðið að segja, sem kann sumt að hafa takmarkaða þýðingu.

Þá má jafnframt nefna að sé ætlunin að skýrslutökur fari fram fyrir Landsrétti er mikilvægt að lögmennt hafi undirbúið spurningar og að þær séu markvissar. Það vill stundum verða að spurt er um sömu atriði og í héraði en það er ekki í samræmi við tilgang skýrslna fyrir Landsrétti. Þá þurfa lögmennt sem endranær að sýna sveigjanleika og laga spurningar að því sem fram kemur.

Loks má nefna að sérstaklega mikilvægt er að lögmennt séu búnir að hugsa vel allar dómkröfur sem hafðar eru uppi. Stundum ber til dæmis á því fyrir Landsrétti að við áfrýjun máls séu hafðar uppi býsna margvíslegar kröfur, eða haldið við allar kröfur í héraði, sem sumar er þó lítið fjallað um eða eru lítt rökstuddar í greinargerðum og virðast næstum ganga af sem einhvers konar aukakröfur, t.d. um ómerkingu eða frávísun. Það getur verið

æskilegt að falla frekar frá dómkröfum, sem ekki er ætlunin að leggja neina áherslu á, og sama á raunar við um málsástæður sem kunna að hafa verið settar fram í upphafi en lögmaðurinn leggur enga áherslu á eins og málinu hefur undið fram.

Í dómsal

Er algengt að lögmennt komi óundirbúnir í dómsal?

Það heyrir til undantekninga samkvæmt okkar reynslu. Það sést fljótt ef lögmennt þekkja ekki málsgögnin og geta til að mynda ekki svarað einföldum spurningum. Það má segja að versta tegundin af málflutningi sé þegar lögmennt lesa orðrétt upp úr stefnu eða greinargerð, enda tímasóun fyrir alla viðstadda.

Hvað er það versta sem þið sjáið til lögmanna í dómsal?

Lögmennt eru nú almennt til fyrirmyndar í dómsal. Aftur á móti er símanotkun almennt óviðeigandi í dómsal og til dæmis leiðinlegt að sjá lögmennt vera að „scrolla“ í lengri tíma sínum sínum meðan á ræðu gagnaðila stendur. Eins þykir manni það óþarft þegar lögmennt eru með leikræna tilburði yfir málflutningi hins og enn verra ef skýrslutökur standa yfir. Þá er það leiðinlegur siður þegar lögmennt horfa mikið á lögmann gagnaðila

Það sést fljótt ef lögmennt þekkja ekki málsgögnin

Þegar þeir eru í pontu – enda rímar það illa við það að málflutningur á að beinast að dómnum.

Samskipti við dómara

Eiga lögmenn að kynna sig fyrir dómara þegar þeir flytja mál hjá honum í fyrsta sinn?

Nei, það er óþarft.

Eiga lögmenn að gera ráð fyrir því að dómarar hafi lesið málsgögn?

Lögmenn eiga að sjálfsgöðu að ganga út frá því að dómarar hafi lesið málsgögnin. Fyrir Landsrétti er t.d. oft óþarfi að lesa upp kröfugerð og í flestum tilvikum er óþarft að reifa málsatvik umfram það sem máli skiptir fyrir reifun málsástæðna. Fyrst að málsgögn eru nefnd má taka fram að það er mikilvægt að hafa blaðsíðutöl á takteinum svo að dómarar geti fylgst með.

Hafa dómarar orðið varir við notkun lögmanna á gervigreindarforritum við undirbúning mála?

Við höfum ekki orðið vör við það, en slík forrit geta örugglega nýst þegar leitað er að dómafordæmum og tengdu efni. Væntanlega mun notkun gervigreindar aukast og þá gott að minna á mikilvægi þess að fara vel yfir afurðina, s.s. hvort dómarnir hafi í raun þýðingu fyrir sakarefnið.

Meira ekki alltaf betra

Virða lögmenn almennt þau tímamörk sem þeim er úthlutað við undirbúning aðalmeðferðar?

Já, samkvæmt okkar reynslu virða lögmenn almennt þann málflutningstíma sem hefur verið úthlutað. Fyrir Landsrétti er enda gengið eftir því að tímamörk séu virt og ekki annað í boði en að ljúka ræðu snarlega ef komið er fram yfir tímamörk og dómsformaður biður lögmenn um að ljúka máli sínu. Það skiptir máli að útbúa málflutningsræðu með hliðsjón af tímalengd og jafnvel hægt að æfa ræðuna, sérstaklega fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í málflutningi fyrir dómi. Í þeim efnum er jafnframt nauðsynlegt að gera ráð fyrir einhverjum tíma til að svara spurningum. Ef óvenju mikið er um spurningar getur auðvitað þurft að breyta ræðunni og þá er ekkert athugavert við að óska eftir nokkrum mínútum til viðbótar.

Hvort er betra þegar lögmenn eru með skrifaða ræðu eða tala út frá punktum?

Það veltur auðvitað á lögmönnum hvort þeim finnst þægilegra. Kannski má segja að það sé



þægilegra að hlusta á lögmann sem talar út frá punktum og lítur upp, heldur en þann sem er fastur við skrifaða ræðu. Það er þó skiljanlegt að sumum finnist betra að vera með skrifaða ræðu og ef hún er vel upp byggð getur það verið jafn árangursríkt.

Hvort sem ræðan er flutt út frá punktum eða lesin er almennt gagnlegt fyrir dómara að fá ræðufirlit í punktaformi með viðeigandi tilvísun í málsgögn er innihaldi jafnframt tilvísun í helstu dóma og fræðiskrif sem á er byggt. Það hjálpar til við að skýra hvar lögmaðurinn er staddur í ræðunni og á hvaða leið hann er og gerir þýðingu tilvísana í hliðsjónargögnum jafnframt skýrari. Slíkt yfirlit verður hins vegar að vera gagnort enda erfiðara að fylgja lögmanni eftir í mjög ítarlegu ræðufirliti og hvorki vænlegt né í samræmi við réttarfarsreglur að skila margra blaðsíðna skriflegum málflutningi í formi ræðufirlits.

Hvernig er best að flytja málflutningsræðu?

Að okkar mati kemur almennt best út þegar lögmenn nota sinn hefðbundna talsmáta, reyna til að mynda ekki að tala mun hægar en þeim er tamt eða hátíðlega. Það er sjaldan ástæða til að tala sérlega hátt eða vera með mikið látbragð, mestu skiptir að þægilegt sé að hlusta og fylgja málflutningnum. Það þarf að gæta þess að tala ekki of hratt, sérstaklega þegar um er að ræða tilvísanir til lagaákvæða, dóma og blaðsíðutala í málsgögnum. Í þessu sambandi má bæta við að stundum virðast lögmenn bíða í lengri tíma þar sem þeir telja að dómara ætli að fletta upp öllum tilvísunum. Það er að okkar viti óþarft, enda allt eins líklegt að dómari þekki tilvísunina

og mun hann biðja um blaðsíðutalið aftur sé þörf á.

Er æskilegt að notast við skýringarmyndir, töflur, gröf eða myndir?

Það er mjög óalgengt að notast sé við önnur gögn í málflutningi en málflutningsyfirlit og hefðbundin hliðsjónargögn, einkum dóma og fræðirit. Samt má vel hugsa sér að skýringarmyndir og áþekk gögn gætu nýst í ákveðnum tegundum mála – og þá til hliðsjónar. Að minnsta kosti er ekkert sem bannar slíkt og kannski munu hugmyndaríkir lögmenn framtíðarinnar breyta þessu.

Hvað sem líður slíkum möguleikum er mikilvægt að áréttu að hin hefðbundnu hliðsjónargögn sem nú eru almennt notuð eru þýðingarmikil. Í þeim efnum er líka gott að hafa í huga að meira er alls ekki alltaf betra. Það er til að mynda engin þörf á að drekkja dómurum í umfangsmiklum heimilda- og dómatilvísunum, t.d. um grunnatriði í refsirétti eða fjármunarétti, sem þeim er þegar fullkunnugt um, heldur er vænlegast að einblína á tilvísanir um þau atriði sem lögmaður telur líklegast að velta kunni málinu – gæði umfram magn.

Koma skætingur, háðsglósur og lítilsvirðandi ummæli fyrir af hendi lögmanna í dómsal?

Ekki oft, en stundum finnst lögmönnum ástæða til að gera athugasemdir við málflutning gagnaðilans sem jaðrar við að falli undir slíkt. Það getur auðvitað verið eðlilegt að benda á þversagnir og atriði sem alls ekki standast. Hins vegar er það lögmanni almennt ekki til framdráttar þegar takmörkuðum málflutningstíma er eytt í skæting og þá ekki síst

vegna atriða sem hafa í raun ekki þýðingu við úrlausn málsins.

Grípa lögmenn fram í og nota hástemmd lýsingarorð?

Það heyrir til algjörra undantekninga að lögmenn grípi fram í ræðu gagnaðila enda biður dómari viðkomandi þá strax um að hafa sig hægan. Hver hefur auðvitað sinn stíl í málflutningi en það má almennt segja að úrlausn dómsmála ræðst af réttarreglum og að lýsingarorð af þessu tagi eiga sjaldan við. Það er þó auðvitað eðlilegt að orðaval í málflutningsræðu taki mið af því sakarefni sem er til úrlausnar og góðir málflytjendur gera gjarnan grein fyrir málatilbúnaði umbjóðanda síns með sannfæringu.

Er mikið um að lögmenn gagnaðila reyni að leiða vitni í gildru?

Sem betur fer er lítið um það enda eru réttarfarsákvæði skýr hvað það varðar. Helst ber á því að lögmenn reyni leiðandi spurningar og þrúspyrji vitni sem dómari verður þá að grípa inn í. En almennt ganga skýrslur vel fyrir sig og aðilum, vitnum og dómstólum sýnd þeim virðing sem þeim ber.

Hver hefur auðvitað sinn stíl í málflutningi


Málflutningur ekki ræðukeppni

Hvaða ráð mynduð þið gefa lögmönnum sem eru að fara flytja sitt fyrsta mál?

Við myndum benda þeim á að undirbúa sig vel, þekkja kröfugerðina og málsgögnin fram og til baka. Hafa í huga að dómaraþekking málsgögnin og að það þarf ekki að lesa upp úr þeim. Þá þarf ekki að útskýra almenn lagahugtök fyrir dóminum, svo sem hvað felist í sakarreglunni. Eins er mikilvægt að skipuleggja málflutningsræðu vel og tíma-setja. Einnig skiptir máli að hlusta vel á spurningar dómara og grípa ekki fram í. Ef það er óvissa um svar má alltaf óska eftir því að svara í seinni ræðu og eins má biðja um nánari skýringar á spurningunni. Það má bæta við að það gerist ekkert þótt lögmaður mismæli sig eða ruglist í ræðunni – dómaraþekking hafa fullan skilning á því.

Að lokum, þurfa lögmenn að vera góðir ræðumenn?

Málflutningur fyrir dómi er auðvitað ekki ræðukeppni. Það er mikilvægt að lögmenn tali skýrt og áheyrilega þannig að málflutningurinn skili sér sem og að uppbygging ræðunnar sé skýr og skipuleg. Aftur á móti skiptir mun minna máli hvort viðkomandi talar blaðalaust eða ekki og getur fólk flutt dómsmál mjög vel án þess að vera góðir ræðumenn á hefðbundinn mælikvarða. ♦



Tólakveðjur

MBB lögmennsstofa ehf.

Tryggvagötu 11, Hafnarhvoli
101 Reykjavík

NORDIK lögfræðipjónusta

Skólavörðustíg 24
101 Reykjavík

**P.Ó Ráðgjöf -
lögmennsstofa**

Ránargötu 18
101 Reykjavík

Reykvískir lögmenn slf.

Pósthússtræti 3
101 Reykjavík

RJ lögmenn

101 Reykjavík

**Sigurður I. Halldórssonar
hdl.**

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Sofus lausnir slf.

Snorrabraut 87
105 Reykjavík

Sveinn Gíslason

Rauðalæk 38
105 Reykjavík

TCM Innheimta ehf.

Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík

Trausti fasteignasala ehf.

Kristján Baldursson lög-
maður
Vegmúla 4
108 Reykjavík

Vivos lögmennsstofa

Köllunarklettsvegi 1
104 Reykjavík

Vík Lögmennsstofa ehf.

Fiskislóð 37b
101 Reykjavík

Lögfræðipjónustunni ehf

Puríður Kristín
Halldórsdóttir lögmaður
Köllunarklettsvegi 1,
hjá Regus, 104 Reykjavík

Kópavogur**AX Lögmennspjónusta slf.**

Hlíðasmára 6
201 Kópavogi

LXP Legal slf.

Bæjarlind 14-16
201 Kópavogi

Lög og land ehf.

Hlíðasmára 4
201 Kópavogi

**Lögmennsstofa
Guðmundar Þórðarsonar**

Hamraborg 14a
200 Kópavogi

**Lögmennsstofan Vogin
slf.**

Dalvegi 16
201 Kópavogi

Lögsaga lögmennsstofa slf.

Hlíðasmára 19
201 Kópavogi

**Maxim lögfræðipjónusta
slf.**

Naustavör 7
200 Kópavogi

Að nálgast mál sem fagmenn

Viðtal við Evu Bryndísi Helgadóttur lögmann hjá LMG lögmonnum.



Hvernig undirbýrð þú þig fyrir málflutning?

Það að þekkja málið vel er grundvöllur að góðum málflutningi. Þegar að málflutningi kemur er nokkur tími liðinn frá því stefna var gerð eða greinargerð. Þannig að maður byrjar á því að rifja upp málið með því að lesa aftur yfir öll gögn málsins. Gjarnan við gerð greinargerðar eða stefnu punkta hjá mér helstu dóma og fræðigreinar um sakarefnið og fer ég líka aftur yfir það.

Þar sem málið er flutt í fyrsta sinn í héraði og stundum með skýrslutökum getur farið meiri tími í undirbúning málflutnings í héraði en fyrir æðri dómi. Það er aðeins eðlismunur á undirbúningi að því leyti. Fyrir æðri dómi getur farið meiri tími í að lesa dóma og fræði en það fer eftir sakarefninu og eðli ágreiningsins.

Ef málið kallar á skýrslur aðila eða vitni þá getur tími farið í það að tryggja það að allir mæti á réttan stað á réttum tíma og undirbúa mig fyrir skýrslutökum. Undirbúningur fyrir skýrslutökum snýst um að þekkja málið út og inn og undirbúa sig fyrir möguleg svör en ekki að undirbúa vitnin sjálf. Enda getur það verið á gráu svæði að undirbúa vitni, sem eiga einfaldlega að bera satt og rétt frá um málsatvik. Það getur t.d. komið sérkennilega út ef vitni muna atvik betur eða nákvæmar í

skýrslutöku fyrir dómi heldur en strax í kjölfar atvika, t.d. í lögregluskýrslum. Það getur talist mjög ótrúverðugt.

Mér finnst gott að skrifa grind að ræðu og jafnvel skrifa ræðuna upp, þótt ég fylgi henni ekki orði til orðs í sjálfum málflutningnum. Mér finnst það hins vegar hjálpa til við að koma málinu skipulega og vel til skila í rétttri forgangsörð og með því forðast ég endurtekningar og um leið tryggi að farið sé yfir allt sem skiptir máli.

Hvað einkennir góðan málflutning?

Að mínu mati er góður málflutningur yfirvegaður, án gífuryrða og endurtekninga, þar sem farið er yfir þau kjarnaatriði sem lögmaðurinn telur að dómurinn eigi að líta einna helst til við úrlausn málsins.

Hvað ber að varast við málflutning?

Endurtekningar, gífuryrði og algjöra samsömun með skjólstæðingi.

Ertu með góð ráð til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref?

Skrifa ræðuna í undirbúningi og forgangsraða út frá mikilvægi málsástæðna. Ekki eyða tíma í óumdeilda þætti. Þá finnst mér skipta máli að eiga gott „kollegískt“ samtal við lögmann gagnaðila og reyna að ná fram sameiginlegum skilningi um hvað sé raunverulega umdeilt í málinu. Það getur sparað tíma og getur skapað það andrúmsloft að aðalmeðferðin verði „vinnufundur“ lögmanna og dómsins um sakarefnið. Þegar það tekst eru það yfirleitt bestu aðalmeðferðirnar enda allir að nalgast málið sem fagmenn. ♦



NOVUM
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

**Við sendum hugheilar jólakveðjur til
viðskiptavina og kollega nær og fjær**

Daði Ólafsson, lögmaður, LL.M.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson, lögmaður, LL.M.
Heiðar Örn Stefánsson, lögmaður
Laufey Sara Malmquist, lögfræðingur
Ólafur Lúther Einarsson, lögmaður
Telma Sif Reynisdóttir, lögmaður
Unnur Edda Sveinsdóttir, lögmaður, LL.M.

Bæjarlind 4, 201 Kópavogi, Sími: 555-1550
www.novum.is



rétur
Aðalsteinn & Partners



ADVEL

Málflutningur er ávanabindandi

Viðtal við Heiðar Örn Stefánsson lögmann hjá Novum lögfræðipjónustu.



Hvernig undirbýrð þú þig undir málflutning?

Það skiptir mestu að kunna málið. Þekkja skjölin og dómana og geta útskýrt málatilbúnað og afstöðu umbjóðandans frá öllum hliðum.

Það er best ef undirbúningur getur hafist 1-2 vikum fyrir málflutning með því að lesa málið yfir og rifja það upp til þess að það geti fengið pláss í undirmeðvitundinni og velkst þar aðeins um á meðan ég keyri börnin í skólann eða þykist horfa á sjónvarpið. Mér finnst síðan best að hugsa ekki um neitt annað en málið í u.þ.b. sólarring fyrir málflutning. Oftast er ég með einskonar handrit að málflutningsræðunni. Þetta er millistig milli punkta og skrifaðrar ræðu þar sem sumt er lesið orðrétt en annað eru punktar eða áminningar, t.d. um að skoða tiltekna hluta af málsgögnunum eða hliðsjónarritunum með dóminum.

Það fer mikið eftir eðli málsins og eðli vitnisburðar hvort það sé rétt og eðlilegt að undirbúa vitni. Í flestum tilvikum er best að aðstoða vitni við að undirbúa sig sjálf og kynna þeim hvað felst í því að bera vitni fyrir dómi og benda þeim á það hvernig þau geti sjálf undirbúið sig.

Ég reyni af fremsta megni að forðast að afhenda hliðsjónarrit dóma eða fræðirit sem verður ekki farið yfir í málflutningi. Séu til

margir dómur um sama efni borgar sig að velja þá sem best eiga við, þá sem orða regluna sem vísað er til með skýrustum hætti eða, ef dómarnir eru svipaðir, að afhenda einfaldlega þann fyrsta og þann nýjasta. Sé ætlunin að sýna fram á að eitthvað hafi í fjölda dóma verið túlkað með sama hætti nægir að velja einn og telja númer hinna upp á yfirliti eða í ræðu. Það er síðan algjört grundvallaratriði að nota áherslupennann og að nótera það í ræðuna hvar í dómnum tilvísunin er.

Hvað einkennir góðan málflutning?

Góður málflutningur er til skýringar og hann svarar þeim spurningum sem dómurarnir kunna að hafa um málatilbúnaðinn.

Það skiptir máli að vera hreinskilinn um veikleika málatilbúnaðar umbjóðandans. Ef það er eitthvað atriði; atvik, dómur eða fræðikenning sem er andsnúin málstaðnum þá borgar sig að draga það vel fram og ræða það í hreinskilni hvað þurfi að koma til þannig að þetta atriði ráði ekki úrslitum í málinu.

Ef það er eitthvað sem lögmaðurinn telur nauðsynlegt að dómurinn skilji sérstaklega vel eða veiti sérstaka athygli þá hefur reynst mér vel að hafa viðkomandi hluta ræðunnar ekki skrifaðan niður orð fyrir orð heldur skipta um gír og fara einfaldlega í róleghættunum yfir atriðið með dómnum. Benda á hvar gögnin eða reglan er, fletta því upp með dómnum, lesa orðrétt úr gögnunum eða benda á hvar nákvæmlega lykilupplýsingar eru og ræða þetta rólega við dóminn án þess að styðjast við skrifaða ræðu.

ekki að troða málinu í mót sem það passar ekki í.

Hvað ber að varast við málflutning?

Ég hef ekki enn séð mál vinnast á vandlætingu lögmanns á málatilbúnaði gagnaðilans. Þetta er jafnvægislist. Langar og flókna útskýringar eru oft til merkis um að annað hvort sé málstaðurinn slæmur eða lögmaðurinn skilji málið ekki nægilega vel. Það má þó ekki gleyma því að stundum eru hlutirnir einfaldlega langir og/eða flóknir og þá verður að setta sig við það og reyna ekki til einföldunar að troða málinu í mót sem það passar ekki í.

Ertu með góð ráð til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref?

Forðastu málflutning eins og heitan eldinn. Þetta er ávanabindandi og líkt og með reykingar er öruggasta leiðin að sleppa því að kveikja í þeirri fyrstu.

Dugi þessi varnaðarorð ekki er rétt að minna á að það er aðalatriðið að undirbúa sig vel og þekkja málið vel. Þá má minna á að dómurarnir eru bæði læsir og lærðir lögfræðingar. Það má því halda sig við aðalatriðin. Það þarf ekki að rekja í löngu máli málavexti sem koma málsástæðum lítið við og það þarf ekki að útskýra vel þekktar meginreglur á viðkomandi réttarsviði, þó það megi alveg minna á þær. ♦

Vertu Jakob

Viðtal við Hjördísi Halldórsdóttur hjá LOGOS lögmennastofu.

Hvernig undirbýrð þú þig undir málflutning?

Það fer eftir því á hvaða dómssstigi málflutningurinn er. Ef hann er fyrir héraðsdómi þá er undirbúningur minn alltaf sá sami. Ég byrja á að lesa málsgögnin frá upphafi til enda og um leið skrifa ég mikið hjá mér. Fyrst er ég jafnvel að skrifa upp mikið upp úr gögnunum,

ásamt mínum athugasemdum. Svo þegar ég er komin á veg í lestrinum þá skrifa ég einungis athugasemdir og mínar hugleiðingar. Ég hugsa að þetta, að skrifa svona mikið í byrjun, sé meira mín leið til að lesa örugglega vel öll málsgögnin en eitthvað annað. En hún hentar mér vel. Eftir þetta móta ég hvaða atriði það eru sem skipta máli í málflutningnum og stilli upp hvað þarf að vera hægt að styðja með tilvísunum í dóma, fræðirit o.s.frv. Oftast útdeili ég svo þeirri rannsóknarvinnu á fulltrúa. Í kjölfarið sem ég ræðu og enda svo á að gera ræðuyfirlit.

Ef málið er fyrir Landsrétti eða Hæstarétti þá er vinnulag mitt aðeins annað, nema ég sé að koma ný að málinu. Ef ég þekki málið vel þá er ég ekki endilega að hafa það sem fyrsta verk mitt að lesa öll málsgögnin. Það gerist þá bara einhvern tímann í ferlinu. En ég les þau alltaf einhvern tímann fyrir málflutninginn, frá upphafi til enda. Annað frábrigði felst í því að ég geng frá yfirliti og hliðsjónargögnum oftast nær áður en ég skrifa ræðuna. Ég myndi helst vilja gera þetta í öfugri röð, klára ræðuna fyrst og gera svo yfirlitið og hliðsjónargögnin eftir á. Alla jafna er það einfaldlega ekki raunhæft en stundum næ ég að útbúa fyrstu drög ræðunnar áður en ég geri yfirlitið.

Ég er alltaf með skrifaða ræðu og ég skrifa hana eins og ég kem til með flytja málið, í eins miklu talmáli og ég tel vera við hæfi á þessum vettvangi. Hún er þá til sem slík og gagnast við



“Ég les líka ræðuna alltaf upphátt daginn fyrir málflutning

að áætla ræðutímann nokkuð nákvæmlega. Mér dytti aldrei í huga að mæta í málflutning einungis með punkta. Hafandi flutt mál í 26 ár þá sé ég ekki fyrir mér að það eigi eftir að gerast úr þessu. Ég les líka ræðuna alltaf upphátt daginn fyrir málflutning, og það hefur reynst mér vel þó það sé hundleiðinlegt að gera það. Með því gríp ég atriði sem eru ekki alveg nógu skýr og get þá lagfært það. Og er alltaf fegin eftir á.

Hvað vitni varðar þá undirbý ég þau. Ég fer yfir það hvernig vitnaleiðsla fer fram og hvað beri að varast, til að mynda að detta í það að reyna að svara spurningu án þess að vera í raun og veru viss um það sem er verið að spyrja um. Ég vil líka vita nokkurn veginn hvað vitnið kemur til með að segja. En ég vil frekar komast að því í almennu spjalli en að vitni fái að sjá nákvæmar spurningar skrifaðar. Með því er ég að reyna að forða því að vitnið fari að reyna að rifja upp hvernig það svaraði mér spurningunni á sínum tíma, í stað þess að gera það sem það á að gera, að svara einfaldlega eftir bestu vitund og minni um atvikin sjálf þegar á hólminn er komið.

Undirbúningur minn er ekki mismikill eftir dómstigum, en ef ég hef verið með málið frá upphafi þá er það hins vegar að skerpast og kjarnast milli dómstiga. Það er aðalmunurinn. Mér dytti aldrei í huga að undirbúa mig

mismunandi eftir því hver eða hverjir koma til með að dæma málið, og sé satt að segja ekki hvernig það ætti að bera raunverulegan árangur.

Það sem hefur reynst mér best, svona fyrir utan þetta almenna vinnulag sem ég viðhef, er að kjarna það vel fyrir sjálfri mér hvað það sé sem skiptir mestu máli í ágreiningnum, á hverju málið velti í raun og veru. Og einbeita mér að því í ræðunni.

“Góður málflutningur er skýr og hlutlaus.

Hvað einkennir góðan málflutning?

Mér hefur fundist þeim lögmönnum sem ég hef hlustað á takast best upp þegar þeir geta sýnt það að þeir þekki málsgögnin í hörgul og það lagaumhverfi sem máli skiptir. Þetta þarf svo sem ekki að koma á óvart. Sömuleiðis þá þarf ekki að koma á óvart að mér finnst þeir mest sannfærandi þegar þeir flytja málið af hlutleysi, þrátt fyrir að vera að tefla fram málstað síns umbjóðanda. Gæti þannig hófs og sýni yfirvegun, en geti á sama tíma rökstutt með sterkum stuðningi í gögnum og réttarframkvæmd hvers vegna eigi að fallast á þeirra málatilbúnað. Góður málflutningur er skýr og hlutlaus.

Hvað ber að varast við málflutning?

Málflytjandi ætti alltaf að varast gífurlyri, upphrópanir og allt það sem skiptir ekki raunverulega máli lagalega. Þó umbjóðandinn

sé afar reiður og telji á sér brotið þá þjónar það takmörkuðum tilgangi að miðla slíku til dómara.

Ég hugsa að það sé best að ramma þetta þannig inn að hlutverk málflytjanda sé að setja fram rök fyrir málsstað umbjóðanda hans með þeim hætti sem dómari getur nýtt sér allt að því orðrétt fyrir skrif forsendna að dómsniðurstöðu. Hugsa að flestum myndi bregða í brún ef þeir læsu forsendur að niðurstöðu dóms sem væru uppfullar af gífuryrðum og innblásnar af miklum sannfæringarkrafti dómara. Það ágætt að nota þá hugsun sem leiðarljós við málflutninginn.

Hitt sem ég vil nefna er að segja eitthvað sem ekki stenst skoðun. Ekki reyna að plata dóminn, svo ég segi þetta á mannamáli. Ýktasta dæmið væri kannski að einhver blaðsíða í fræðiriti sé hagstæð málsstað umbjóðandans en svo sé eitthvað á næstu blaðsíðu sem snýr stöðunni við. Sama getur átt við um málsgögn og dómafordæmi. Það

eru líkur á því að lögmaður gagnaðila spotti svona og þó það gerist ekki í málflutningnum sjálfum þá eru allar líkur á að dómari sjái það allt að einu eftir á þegar hann skoðar málið. Og þá er málflytjandinn búinn að kenna dómaranum að honum sé fyllilega ekki treystandi. Það getur smitast yfir á annað.

Ertu með góð ráð til þeirra sem eru að stíga sín fyrstu skref?

Muna að þetta lærist með reynslunni eins og allt annað. Undirbúa sig vel, hvort sem verkefnið eða endurgjaldið fyrir það stendur undir vinnunni þinni eða ekki, því það skilar sér í bæði í lærdómi og orðspori. Og þá þarf heldur ekkert að taka það inn á sig þó málið tapist, jafnvel þó þú teljir að málsstaðurinn hafi átt að leiða til annarrar niðurstöðu. Eins og fyrrum félagi minn Jakob R. Möller sagði oft aðspurður eftir málflutning: „Mér gekk vel. En svo kemur bara í ljós hvernig gengur hjá dómurinum.“ Vertu Jakob! ♦

juris



Athugasemdir við sýslumannafrumvarp

Laganefnd LMFÍ leggst gegn því að í embætti sýslumanns sé einstaklingur sem ekki er með fullnaðarpróf í lögfræði.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur farið yfir frumvarp til nýrra laga um sýslumann sem leysi af hólmi lög nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, nr. 50/2014. Með frumvarpinu er m.a. lagt til að landið verði eitt sýslumannsumdæmi og undir stjórn eins embættismanns.

Laganefnd bendir á að embætti sýslumanns snúist að verulegu leyti um lögfræðileg málefni og telur að verkefni sýslumanns séu sennilega þau sem teljast mest lögfræðilegs eðlis af verkefnum á málefna sviði embætta ríkisins að dómstólum frátöldum.

Meðal annars segir í umsögninni að veigamikill þáttur í starfsemi sýslumanns séu flókin lögfræðileg verkefni sem varða mjög mikilvæga hagsmuni einstaklinga og lögaðila: „Þótt sýslumaður hafi í þjónustu sinni löglærðra fulltrúa, sem taka ákvarðanir í hans nafni, verður að telja nauðsynlegt að sýslumaður, sem æðsti embættismaðurinn, hafi til að bera þekkingu á sviðinu til að geta verið leiðandi, stutt við löglærða fulltrúa sína og tekið endanlegar ákvarðanir.“

Kæruheimildir lögmanna skortir

Lögmenn þurfa heimild í lögum til að geta farið fram á endurskoðun málskostnaðar- eða þóknunarákvarðana dómara án þess að efnisúrlausn dóms sé samhliða endurskoðuð.

Allt frá hausti 2023 hefur stjórn LMFÍ farið fram á það við dómsmálaráðherra að ráðuneytið, eða eftir atvikum réttararsnefnd, tækju til meðferðar tillögur félagsins um breytingar á lögum, nr. 91/1991 um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, til að koma inn ákvæðum um kæruheimildir lögmanna vegna ákvarðana dómstóla um málskostnað.

Um miðjan nóvember síðastliðinn var enn á ný farið þess á leit við ráðherra að málið yrði tekið til meðferðar.

Að verja grundvallarreglur réttarríkisins

Viðtal við Ingimar Ingason framkvæmdarstjóra LMFÍ

Á haustmánuðum var haldinn forsætisfundur lögmannafélaga Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á Íslandi en löndin skiptast á að halda slíka fundi árlega þar sem formenn, varaformenn og framkvæmdastjórar félaganna taka þátt. Auk þess eru reglulega fundir framkvæmdastjóra sem bera þá saman bækur sínar. Óhætt er að segja að norrænt samstarf sé mikilvægt fyrir Lögmannafélag Íslands enda réttarkerfið og reyndar samfélagsgerðin, áþekk. Ingimar Ingason framkvæmdastjóri LMFÍ sér um samskiptin af Íslands hálfu ásamt formanni félagsins hverju sinni en Lögmanna blaðinu lék forvitni á að vita meira.

Af forsætisfundi norrænu lögmannafélaganna.



Ef við vindum okkur í nýafstaðinn forsætisfund, hver voru helstu umfjöllunarefni hans?

Það var gríðarlega margt undir að þessu sinni. Meðal þeirra mála sem voru rædd voru áhrif gervigreindar á störf lögmanna, m.a. úr frá því hvort hin nýja tækni væri leikbreytir fyrir stéttina eða hrein ógn við framtíð hennar. Einnig var rætt um þá hættu sem stafar af endurskilgreiningu ráðamanna, m.a. í vestrænum lýðræðisríkjum, á inntaki réttarríkishugtaksins og hvernig vernda megi réttarvörslukerfið fyrir slíkri þróun. Þá var á fundinum rætt hvar mörkin liggja varðandi hlutverk lögmannafélaga þegar kemur að baráttu fyrir samfélagsbreytingum, t.a.m. í tengslum við baráttu gegn hlýnun jarðar, stríðsátök eða jafnvel einstök dómsmál þar sem reynir á túlkun laga. Enn fremur voru rædd áhrif hins nýja sáttmála Evrópuráðsins um vernd lögmanna stéttarinnar og um áhrif hans innan einstakra ríkja. Þá var einnig á dagskrá kynning á fyrirhugaðri breytingu á finnsku stjórnarskránni sem felur í sér að lögmenn og saksóknarar njóti sömu verndar og dómarar og rætt um viðbrögð lögmannafélaga við refsilagabrotum félagsmanna, m.a. í tengslum við þátttöku þeirra í skipulagðri glæpastarfsemi. Loks var til skoðunar hvar jafnvægi lægi á milli þess að tryggja grundvallar

mannréttindi og öryggi þegnanna, m.a. í ljósi sameiginlegrar yfirlýsingar leiðtoga nokkurra Evrópuríkja frá því í vor varðandi takmörkun réttinda flóttafólks.

Þýðingarmikið samstarf

Hver er árangurinn af svona samstarfi fyrir íslenska lögmenn?

Þýðing þessa samstarfs er gríðarlega mikil og þá sérstaklega fyrir fámenn félög eins og okkar. Mörg þeirra verkefna sem við hjá LMFÍ erum að vinna með, eða fáum í fangið, hafa áður komið inn á borð stóru lögmannafélaganna, t.d. í Danmörku, Svíþjóð og Noregi og við fáum innsýn í þessa vinnu sem flýttir fyrir okkar lausn eða úrvinnslu.

Getur þú nefnt dæmi?

Þetta á til dæmis við um siðareglur lögmanna, regluverk á vettvangi EU/EES, ýmsa alþjóðasáttmála og túlkun lagaákvæða sem byggja á sambærilegum grunni, þar sem við höfum notið góðs af vinnu lögmannafélaganna á Norður-löndunum.

En höfum við eitthvað fram að færa?

Já, norrænu lögmannafélögin höfðu með sér samstarf um tiltekin verkefni, m.a. varðandi greiningu á lögfræðipjónustu og aðgengi að dómstólum, lögreglu og eftir atvikum stjórnsýslustofnunum eins og sýslumannsembættum hér á landi, á jaðarsvæðum. Upplýsingarnar sem fengust úr þessu verkefni voru svo nýttar við gerð samanburðarskýrslu um aðgengi Grænlandinga að sambærilegri þjónustu og hvernig mætti bæta hana.

Mörg þeirra verkefna hafa áður komið inn á borð stóru lögmannafélaganna

Áferðarmunur milli félaga

Eru lögmannafélögin öll svipuð gerðar, t.d. með skylduaðild lögmanna?

Já, a.m.k. hvað varðar norrænu lögmannafélögin og hlutverk þeirra er í grundvallaratriðum það sama. Þó er viss áferðarmunur á milli, til dæmis hvað varðar aðild innan hússlögmanna en í Svíþjóð geta aðeins sjálfstætt starfandi lögmenn og fulltrúar þeirra átt aðild að lögmannafélaginu. Þá er ekki skylduaðild að norska lögmannafélaginu en engu að síður eru um 95% allra þarlendra lögmanna meðlimir. Það sem skilur á milli „stóru“ félaganna og hinna smærri, er hins vegar fjármagnið sem þau hafa til ráðstöfunar og geta þeirra til að beita sér í þágu félagsmanna, svo ekki sé talað um á alþjóðavettvangi t.a.m. innan CCBE og IBA. Þessi munur kemur einnig fram í starfsmannafjölda og til að gera sér betur grein fyrir þessum mun þá má t.d. nefna að hjá danska lögmannafélaginu, sem er með tæplega 7.800 félagsmenn, starfa um 80 manns.

Miðað við þetta ættu átta stöðugildi að vera hjá LMFÍ!

Já, en hjá Lögmannafélagi Íslands starfa fjórir starfsmenn í samtals þremur stöðugildum en félagsmenn eru um 1030 talsins. Árgjöldin í Danmörku eru þó talsvert hærri.

hjá danska lögmannafélaginu,
starfa um 80 manns

Árangur ekki sjálfgefinn

Hvenær komu Eystrasaltsríkin í samstarfið?

Lögmannafélögin í Eystrasaltsríkjunum komu formlega inn í samstarfið árið 2008 með þátttöku á forsætisfundi sem fór einmitt fram hér á landi. Innkoma þessara félaga hafði átt nokkurn aðdraganda en ég og kollegi minn hjá danska lögmannafélaginu höfðum viðrað hugmyndina um þessa útvíkkun sam-starfsins við fulltrúa hinna norrænu lögmannafélaganna og með aðgengi að dönskum styrktarsjóði reyndist mögulegt að koma þessi verkefni á koppinn.

Samstarfið við lögmannafélögin í Eistlandi, Lettlandi og Litháen hefur svo aukist ár frá ári og við skynjum vaxandi áhuga úr þeirri átt að ná samhljómi með því sem norrænu lögmannafélögin standa fyrir og reynum að miðla af þekkingu okkar og reynslu. Þrátt fyrir að töluvert sé um liðið frá því Eystrasaltsríkin öðluðust sjálfstæði þá eimir enn nokkuð eftir af viðhorfum sem kunna að koma okkur spánskt fyrir sjónir og tekur sjálfsagt einhvern tíma að breyta.

Eins og til dæmis hvað?

Þau eiga oft á tíðum á brattan að sækja gagnvart stjórnvöldum heima fyrir sem ekki eru tilbúin til að virða sjálfstæði lögmanna eða viðurkenna hlutverk þeirra og lögmannafélaganna í réttarríkinu. Staða mála í þessum þremur löndum er reyndar misjöfn en lögmannafélögin sækjast mikið eftir upplýsingum um hvernig lagaumhverfið sé á Norðurlöndunum varðandi starfsumhverfi lögmanna, hvaða stefnu norrænu félögin hafa

tekið í hinum ýmsu málum, bæði inná við gagnvart félagsmönnum en ekki síður útá við, þ.e. gagnvart stjórnvöldum og dómstólum. En samstarfið kemur norrænu lögmannafélögunum einnig til góða og er þörf áminning um að sá árangur sem náðst hefur heima fyrir er ekki sjálfgefinn eða sjálfsagður og að menn þurfa sífellt að vera á verði gagnvart ásælni stjórnvalda.“

Slagkraftur sameinaðra félaga

Nú koma félögin fram sameinuð í alþjóðlegu samstarfi, hvaða þýðingu hefur það?

Já, samstarf okkar á vettvangi CCBE og reyndar einnig á vettvangi IBA, hefur á undanförnum árum farið vaxandi. Hvað CCBE varðar þá hefur sameiginlegt atkvæðamagn norrænu og baltnesku lögmannafélaganna í ákvörðunartöku innan samtakanna umtalsverða vigt. Þannig hafa stærri aðildarfélög innan CCBE í vaxandi mæli nálgast þessa „blokk“ með öðrum hætti en áður þegar leitað var stuðnings hvers og eins félags fyrir

sig. Með aukinni samvinnu búa Norrænu/baltnesku lögmannafélögin nú yfir meiri slagkrafti innan samtakanna og hafa meiri áhrif í allri ákvarðanatöku. Þá er t.a.m. einn af þremur varaforsetum CCBE frá Eistlandi, sem sýnir vel hvað norrænu og baltnesku félögin geta áorkað saman.

Og hvað með mikilvægi samstarfs sem þessa?

Mjög mörg sameiginleg verkefni sem félögin eru að fást við, hvort heldur þau snúa að eftirlits- og agavaldi eða að verja grundvallarreglur réttarríkisins. Á þessum sameiginlegu fundum ræða menn um þær áskoranir sem félögin standa frammi fyrir, bera saman bækur sínar um hvernig þær áskoranir hafa verið tæklaðar eða hvernig best sé að ná árangri við úrvinnslu þeirra. Þá er mikilvægt fyrir forsvarsmenn lögmannafélaganna að hlusta eftir því sem er að gerast í öðrum löndum, hvort heldur sem er jákvæða eða neikvæða þróun, sem þá er ýmist hægt að tileinka sér eða þá spyrna gegn og þá á grundvelli upplýsinga um hvernig mál hafa þróast í meðförum annara lögmannafélaga.“ ♦



Claudia & Partners
Legal Services



Umbylting eða úrelding – reynsla af notkun gervigreindar

Eins og líklegast flestir lögmenn reyni ég að tileinka mér allar þær tækniþrófarir sem gera mér kleift að veita skjótari og betri þjónustu. Þessi misserin er talað um fátt annað en gervigreind og hvernig sú tækni muni kollvarpa störfum lögmanna. Fyrir vikið vil ég fjalla stuttlega um mína reynslu af notkun gervigreindarlausna, hvernig þessi verkfæri hafa gagnast mér og hvort mögulega sé hægt að draga einhvern lærdóm af þeirri reynslu.



Gervigreindarlausnir

Eins og flestir hafa væntanlega tekið eftir er mikil samkeppni hjá þeim fyrirtækjum sem hafa útbúið sérsniðin gervigreindarverkfæri fyrir lögmenn. Ég hef notað flestar þær lausnir sem í boði eru og hefur það gengið ágætlega. Enn sem komið er get ég ekki gert upp á milli þeirra – þær eru flestar mjög góðar. Fyrir vikið ætla ég ekki að fjalla um tilgreindar lausnir eða fyrirtæki. Það er þó mikilvægt að gera greinarmun á þeim gervigreindarlausnum sem boðið er upp á fyrir lögmenn annars vegar og hinum fjölmörgu opnu gervigreindarlausnum hins vegar. Þótt þær síðarnefndu séu eflaust mjög góðar þá getur skort á gagnaöryggi sem er algjört forgangsatíði við notkun þessara lausna í störfum lögmanna.

Reynslusaga af notkun gervigreindar

Áður en ég fékk aðgang að gervigreindarlausn fyrir lögmenn bjó ég yfir nokkurri reynslu

af notkun opinna gervigreindarlausna við gagnaöflun og öflunar sérfræðipækkingar í störfum mínum. Fyrir vikið bjó ég yfir einhverri reynslu af því að gefa gervigreind fyriræli, slípa til svör og vinna að betri svörum. Ég var því spenntur fyrir því að prufa gervigreindarforrit sem eru sérsniðin fyrir íslenska lögfræðinga.

Fyrsta verkefnið sem ég notaði gervigreindarlausnina í var við greinargerðaskrif í einföldu máli. Ég setti inn skipun sem var nokkuð ítarleg og innihélt stutt yfirlit um málsatvik, kröfur aðila og málstað umbjóðanda míns.

Úrlausn gervigreindarinnar leit mjög vel út við fyrstu sýn. Hún var vel rökstudd, með lagatílvísunum og dómatílvitnunum til hliðsjónar. Ég las yfir niðurstöðuna og bað um nokkrar skýringar og bað um að tiltekin atriði yrði skoðuð betur. Gervigreindin er mjög bógóð og gerði sitt besta til þess að verða við mínum óskum. Það voru hins vegar þrenns konar annmarkar sem mér reyndist erfitt að fá gervigreindina til þess að laga. Í fyrsta lagi vildi hún ekki hverfa frá því að byggja á lagaákvæði sem er ekki til. Þetta var ekki fullkominn tilbúningur hjá henni; ákvæðið var sannanlega í frumvarpi en það varð aldrei að lögum. Af einhverjum ástæðum var gervigreindin aftur á móti búin að bíta það í sig að ákvæðið væri raunverulega til og að hægt væri að byggja rétt á því. Í öðru lagi vildi gervigreindin tefla lang veikustu málsástæðunni fram sem fyrstu málsástæðunni alveg óháð því hvað ég reyndi að útskýra veikleika hennar. Í þriðja lagi virðist vera innbyggt í gervigreindina ákveðin tilhneiging eða vilji til þess að þóknast þeim

sem notar hana. Þannig virðist gervigreind, t.d. við skrif málflutningsskjals, reyna sitt ýtrasta til að komast að þeirri niðurstöðu sem hún heldur að ég sækist eftir. Er gervigreindin jafnvel reiðubúin til að ganga langt til þess að túlka réttarheimildir og jafnvel búa þær til svo niðurstaðan verði sú sem hún heldur að falli að mínum vilja.

Það er auðvitað svo að gervigreindin ræður engu og lögmenn bera ábyrgð á allri vinnu sem þeir senda frá sér. Í dæminu hér að framan aðlagaði ég það svar sem ég fékk að þörfum málsins og setti það í þann búning sem ég taldi bestan fyrir þann málstað sem vinnan átti að þjóna. Vinna gervigreindarinnar var engu að síður mjög gagnleg og tel ég óhætt að álykta að aðstoð hennar hafi falið í sér verulegt hagræði og vinnusparnað, umbjóðanda mínum til hagsbóta.

Áhrif gervigreindar á störf lögmanna

Það má vel vera að þeir vankantar sem ég tíundaði í þessari grein séu alfarið mér að kenna og að svörin hefðu verið gallalaus ef skipanir mínar hefðu verið betri. Óháð þeim annmörkum er um gagnlegt verkfæri að ræða sem þróast gríðarlega hratt.

Notkun gervigreindarlausna felur ekki í sér neina breytingu á eðli ábyrgðar og vinnu lögmanna. Ef upp kemst að lögmaður hafi notað svar frá gervigreind sem inniheldur lagaákvæði eða dómatílvísanir sem eru ekki til mun það duga viðkomandi lögmanni skammt að vísa í gervigreindarlausnina til þess að firra sig ábyrgðar. Erlendis hafa lögmenn jafnvel verið látnir sæta viðurlögum

vegna þessa. Reynslan sýnir að við notkun gervigreindarlausna er nauðsynlegt að staðreyna allar tilvísanir og fullyrðingar sem koma fram í svörum. Bæði til þess að athuga hvort þær séu raunverulegar og til þess að staðreyna hvort notkunin sé rétt.

Notkun gervigreindalausna getur falið í sér ákveðna efnislega breytingu á vinnu lögmanna. Það mun reynast verðmætt fyrir

lögmenn að tileinka sér skynsamlega notkun gervigreindarlausna í sínum störfum og afla sér þekkingar og reynslu í að gefa lausnunum fyrirmæli í samræmi við það sem ætlast er til af gervigreind. Það er vel hugsanlegt að slík þjálfun og færni muni skapa ákveðið samkeppnisforskot hjá þeim sem tekst að tileinka sér hana. ♦

Tekjuviðmið gjafsóknar of lágt fyrir öryrkja

Umtalsvert færri úr hópi öryrkja eiga þess kost að leita réttar síns fyrir dómstólum þar sem lágmarks örorkubætur eru nú töluvert yfir tekjuviðmiði gjafsóknar. Telur Lögmannafélag Íslands að þetta kunni að stangast á við ákvæði 70. gr. stjórnarskrárinnar sem og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Lögmannafélag Íslands hefur farið þess á leit við Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur dómsmálaráðherra að hún beiti sér fyrir hækkun á tekjuviðmiði umsækjenda um gjafsókn þar sem lágmarks örorkubætur fóru yfir tekjuviðmið gjafsóknarreglna þegar þær voru leiðréttar 1. september síðastliðinn. Viðmiðunarmörk árstekna einstaklings, sem sækir um gjafsókn á grundvelli bágrar fjárhagsstöðu, eru nú kr. 4.999.205 en samkvæmt heimasíðu TR nemur grunngreiðsla örorkulífeyris til einstaklings nú kr. 4.756.080 auk kr. 788.508 heimilisuppbótar og kr. 375.480 aldursviðbótar, samtals kr. 5.920.068.

Þá vakti félagið athygli ráðherra á því að þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að umsókn um gjafsókn berist dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalmeðferð máls, þá áskilji gjafsóknarnefnd sér allt að mánaðar frest til að taka afstöðu til gjafsóknarbeiðna. Þar sem áfrýjunarfrestur er alla jafna einnig mánuður er sá frestur með öllu óásættanlegur.

Að lokum benti Lögmannafélagið ráðherra á nauðsyn þess að gerðar verði breytingar á skilyrðum um að börn yngri en 18 ára séu með skráð lögheimili hjá umsækjanda gjafsóknar. Á meðan viðmiðunartekjumörk nema nú kr. 555.766 á barn, sem er með skráð lögheimili hjá umsækjanda, þá nýtur foreldri, sem sækir um gjafsókn, þess að engu leyti þrátt fyrir að það greiði fullt meðlag og sé með jafna umgengni.

Foreldaður lögfræðilegur ráðgjafi

Á málstofunni hvað eru góð lög á nýliðnum Lagadegi var því velt upp hvaða möguleika gervigreindarlíkön kunni að bjóða upp á til að bæta lagasmíðar. Einn þátttakanda málstofunnar, Haraldur Steinþórsson lögfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, veltir hér vöngum yfir notkun gervigreindar við undirbúning löggjafar og annarra réttarheimilda.

Gervigreindarlíkön hafa á skömmum tíma orðið að verkfærum sem við getum flest hagnýtt okkur í bæði leik og starfi. Svo hröð hefur þróunin reyndar verið að mörgum þykir nóg um. Mörg okkar eru jafnvel farin að þjást af þreytu eða leiða sem gýs upp þegar gervilegar myndir eða „gervigreindarlegur“ texti birtist á skjánum.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari mun hafa sagt á Dómstóladeginum, sem haldinn var skömmu fyrir Lagadaginn, að dómari þurfi

að komast að niðurstöðu á grundvelli eigin dómgreindar rétt eins og leikhúsgagnrýnandi þurfi að mæta á sýningar sem hann rýnir.

Þá birtist grein á Vísi eftir Henry Alexander Henrysson heimspeking undir yfirskriftinni gervigreind og dómgreind, að morgni Lagadagsins. Í greininni eru lesendur minntir á að það sé hollt að hugsa og fullyrt að ef tæknin yrði til þess að fólk hugsaði minna þá væri hætt við að áhrifin yrðu alvarleg.



F.v. Haraldur Steinþórsson, Elín Ósk Helgadóttir, Guðrún Þorleifsdóttir og Hafdís Ólafsdóttir.

Vandaðri og skilvirkari úrlausn erinda og ágreiningsmála

Í álitu ráðgjafarnefndar evrópskra dómara nr. 26 frá 2023, segir að dómskerfið þyrfti að halda í við þá tækniþróun sem væri farin af stað og að það væri mikilvægt að nota hana til að viðhalda og styrkja grundvallarreglur réttarríkisins. Hún eigi að vera til stuðnings við úrlausn mála en bein og óbein ákvarðanataka skuli einungis vera í höndum einstaklinga. Þátttaka úrlausnaraðila í vali, innleiðingu og eftirliti með lausnum sé jafnframt fyrir öllu. Loks þurfi að tryggja að notendum sé veitt kennsla til að stuðla að þátttöku og samþykki fyrir notkun tækninnar.

Enginn skortur virðist þannig vera á áminningum um að hafa dómgreindina í öndvegi og mögulega er þetta sjónarmið flestum augljóst. Þó ekki öllum. Í lok október 2025 birtist frétt í íslenskum fjölmiðli undir fyrirsögninni „Villur í dómum sömdum með aðstoð gervigreindar“ þar sem fjallað er um vandræði hjá héraðsdómstól nokkrum vestanhafs. Laganemarnir, sem þar störfuðu við að undirbúa drög að dómsúrskurðum, höfðu mögulega ekki fengi tilhlýðilega fræðslu um atriði á borð við þau sem Henry, Oddur og evrópska ráðgjafarnefndin hafa haldið á lofti.

Þegar lögfræðileg úrlausnarefni eru til meðferðar verða mannlegir þættir, einkum dómgreind, siðferðileg ábyrgð og félagslegt og menningarlegt samhengi, alltaf lykilatriði. Við þurfum að halda í slíka þætti þegar við leitum leiða til að bæta málshraða, auka gæði úrlausna, efla traust á úrskurðaraðilum og treysta innsýn ólöglerðra í heima lögfræðinnar.

Í áðurnefndri grein Henry Alexanders, þar sem hann minnir okkur á að það sé hollt að hugsa og að gervigreindin megi ekki verða til að draga þar úr, segir hann að það væri engu að síður „... galið að ætlast til þess að störf sem byggja að stórum hluta á afgreiðslu erinda af svipuðu tagi nýti ekki svona tækni til að aðstoða sem flesta þjónustugega.“ Undir þetta verður undirritaður að taka og tækifærin eru svo sannarlega til staðar.

Mat á því hvað sé forsvaranlegur málshraði breytist óhjákvæmilega í takt við breytingar á vinnulagi. Hið sama á við um margar aðrar kröfur sem gerðar verða s.s. á grundvelli jafnræðisreglna, rannsóknarreglna og leiðbeiningarskyldna. Tækniframfarir undanfarna ára og áratuga hafa gert að verkum að hægara er um vik að leita uppi fyrri úrlausnir í sambærilegum málum, bera saman rökstuðning og sjónarmið innlendra sem erlendra systurstofnana og fræðimanna. Hugsanlega er ekki langt þangað til hneykslandi fréttir berast okkur með fyrirsögninni: „Villur í úrskurðum sömdum án aðstoðar gervigreindar“.

Betri lagasmíðar og víðtækari skilningur

Samskonar varfærni verður að viðhafa þegar við leitum að tækifærum til umbóta í lagasmíðum. Eitt grundvallareinkenni réttarríkisins er að lög skuli vera stöðug og fyrirsjáanleg og að fólk geti treyst því að reglur sem gilda í dag gildi almennt einnig á morgun. Finna þarf jafnvægi milli þessara sjónarmiða og þarfarinnar á að lög þróist með samfélaginu, aðlagist breytingum og

séu lagfærð ef mistök koma í ljós. Þessi krafa um stöðugleika annars vegar og sveigjanleika hins vegar hefur reyndar alltaf verið leiðarstef góðra lagasmíða.

Auknir möguleikar eru að opnast við að meta hvort þörf sé á lagabreytingum, við kortlagningu á mögulegum áhrifum, skilgreiningu mælikvarða og úrvinnslu umfangsmikilla gagna. Jafnframt við að bæta gæði lagabálka, s.s. með skilvirkara og dýpra samráði og sterkari valkostagreiningu. Líkt og fyrir úrskurðaraðila getur tæknin stutt við mannlega tilfinningagreind og dómgreind á þessu sviði en hún kemur þó ekki í staðinn fyrir hana.

Þá opnast víddir í tengslum við aðgengileika réttarheimilda fyrir borgarann. Ég hef til að mynda lengi verið hugsi yfir þeim mælikvarða á aðgengileika og fyrirsjáanleika laga sem

settur er fram í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sunday Times gegn Bretlandi árið 1979. Samkvæmt honum teljast til laga eingöngu fyrirmæli sem eru nægilega skýrt orðuð til að borgarinn sé fær um að breyta samkvæmt þeim. Þá vaknar spurningin: Hvenær eru lög nægilega skýrt orðuð? Svarið er: Þegar borgarinn getur, að fenginni viðeigandi ráðgjöf ef þörf er á, séð fyrir hvaða afleiðingar athöfn getur haft í för með sér. Eins og fram kom í álitum umboðsmanns Alþingis nr. 2140/1997 verða sömu kröfur byggðar á stjórnskipun Íslands sem réttarríkis.

Aðspurt um hvað felist í þessu viðmiði um ráðgjöf svaraði ónefnt gervigreindarlíkan því að með viðeigandi ráðgjöf sé átt við að borgari hafi, ef þörf krefur, „...aðgang að forelduðum (sic) og hæfum lögfræðilegum eða sambærilegum ráðgjafa“. ♦

Óbreytt tímagjald í áratug

Síðastliðin tíu ár hefur tímagjald skipaðra lögráðamanna staðið í stað. Gjaldið hefur verið kr. 16.500 frá gildistöku reglna nr. 965 frá 13. október 2015 en á sama tíma hefur tímagjald fyrir verjenda- og réttargæslustörf hækkað í kr. 27.000

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur síðustu ár beitt sér fyrir endurskoðun tímagjaldsins; sent ítreka bréf til ráðherra dómsmála og fundað með starfsmönnum ráðuneytisins en án árangurs. Að mati stjórnar er eðlilegt að viðmiðunartímagjald verði samræmt reglum dómstólasýslunnar um tímagjald fyrir verjenda- og réttargæslustörf og sæti einnig endurskoðun árlega. Er vonast til að núverandi dómsmálaráðherra leiðrétti gjaldið nú þegar.

Lagadagurinn



Lagadagskvöldið



Hef ennþá brennandi áhuga á lögfræði

Viðtal við Kristínu Edwald lögmann hjá LEX og kennara við Háskólann í Reykjavík.

Síðla sumars bárust þau tíðindi að Kristín Edwald lögmaður hjá LEX lögmannsstofu hefði gengið til liðs við Lagadeild Háskólans í Reykjavík. Kristín, sem er ein af reyndustu málflytjendum landsins, varð lögmaður í janúar 1998 og var fulltrúi á Málflutningsskrifstofu, Suðurlandsbraut 4a (síðar Logos) fyrstu þrjú starfsárin. Þá hóf hún störf hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra en tveimur árum síðar hóf hún störf á LEX lögmannsstofu og varð eigandi þar um áramótin 2004/2005. Hún hefur síðan verið afkastamikill málflytjandi í mörgum viðamiklum dómsmálum auk þess að sinna ráðgjöf til fyrirtækja og stjórnenda fyrirtækja. Þá hefur hún jafnframt sinnt öðrum störfum s.s. stjórnarsetu í félögum og formennsku í landskjörstjórn með meiru.



Ferskur blær að lesa fræðin án sérstaks tilefnis

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að fara í kennslu?

Það kom nú bara dálítið óvænt upp. Ég ákvað fyrr á árinu að fara í viðskipti með manningum mínum og taldi rétt að minnka við mig í lögmennskunni til að hafa tök á að sinna þeim. Eftir að sú ákvörðun hafði verið tekin bauðst mér tækifæri til að ganga til liðs við lagadeild HR. Mér fannst það mjög mikill heiður og afar spennandi enda finnst mér gaman að kenna. Ég er því komin í hálfa stöðu við Lagadeild HR ásamt því að sinna lögmennsku á LEX að hluta.

Hvað ertu að kenna?

Nú á haustönn er ég að kenna samninga- og kröfurétt en eftir áramót mun ég kenna hlutafélagarétt og einnig koma að kennslu í MBA náminu. Þá verð ég líka leiðbeinandi með ritgerðarskrifum.

Hvernig er að vera komin á fullt í kennslu?

Mér finnst það frábært og mjög gefandi. Eitt sem ég komst fljótt að er að þegar ég hef verið að lesa fræðibækur og greinar síðustu ár hef ég nær eingöngu lesið þau fræði sem ég hef sérhæft mig í og oft meðvitað eða ómeðvitað verið að leita að röksemdum til að nýta í einstökum verkefnum í lögmennskunni. Því fylgir hins vegar ferskur blær að setjast niður og lesa fræðin án tengingar við ákveðin mál í lögmennskunni og gefa sér tíma til að dýpka þekkinguna á fleiri réttarsviðum. Ég

hef komist að því að ég hef ennþá brennandi áhuga á lögfræði og myndi velja hana aftur ef ég væri að hefja háskólanám núna.

Sérðu fyrir þér að hætta í lögmennsku og einbeita þér að fræðimennsku?

Ekki á næstunni. Ég verð áfram lögmaður á LEX en mun taka færri verkefni að mér. En það er skemmtilegt að takast á við nýja áskoranir og blanda saman akademíu og praktík. Slíkt nýtist nemendum tvímælalaust, þ.e. að hafa praktíkina með í kennslunni en þó má það aldrei vera á kostnað fræðilegrar dýptar. Hvort ég sökkvi mér í fræðimennsku og ritstörf verður tíminn að leiða í ljós.

Innsýn í aðra heima

Hvað hefur breyst síðan þú byrjaðir lögmennsku?

Tæknin hefur gjörbreyst; allt þetta stafræna efni sem við höfum aðgang að í dag hvar sem er og hvenær sem er og gera alla heimildaleit miklu auðveldari, dómasöfn, fræðirit, og auðvitað gervigreindin sem við erum að fóta okkur í.

Annars fékk ég nostaðugast í fyrri en vegna alþingiskosninganna þurfti ég að rekja mig áratugi aftur í tímann í Alþingistíðindum. Ég þurfti að taka fram bækur í leðurbandi, sem ég hef ekki snert í mörg ár, og það var gaman að komast að því að ég kunni ennþá að rekja mig aftur í kerfum innbundinna Alþingistíðinda.

Lengd skjala er líka gjörbreytt en þegar ég byrjaði sást ekki þessi blaðsíðufjöldi í stefnum og greinargerðum eins og sést stundum núna. Ég fékk góðan skóla þegar ég var fulltrúi hjá

Hákoni Árnasyni lögmanni sem hafði mjög knappan og hnitmiðaðan stíl og var yfirburðar lögmaður á sínu sviði. Ég lærði mjög margt af honum.

Það er oft erfiðara að skrifa knappan stíl. Hvernig líst þér á leiðbeiningar dómstólasýslunnar um lengd stefna og greinargerða?

Það er ekki í mörgum málum sem að þessar leiðbeiningar myndu beinlínis hamla mér. Ég tel að þær séu til bóta. Ég fékk t.d. stefnu í hendurnar sem er 112 blaðsíður og stórefast um að ég nái greinargerðinni niður í þessi mörk leiðbeininganna.

Eiga lögmenn að vera allaf tiltækir fyrir skjólstæðinga?

Ef umbjóðandinn þarf nauðsynlega á lögmanninum sínum að halda þá þarf lögmaðurinn að vera tiltækur. Fyrir mér er það engin kvöð, sérstaklega ekki að vera til staðar fyrir starfsmenn og stjórnendur þeirra fyrirtækja sem ég hef unnið lengi fyrir. Ég tek símann og svara tölvupóstum ef ég mögulega get þótt það sé utan skrifstofutíma. Það er hins vegar ekki oft sem maður hefur þurft að fara aftur úr náttfötunum síðla kvölds og vera t.d. mætt sem lögmaður á stjórnarfund fyrirtækis innan korters þó að það hafi nokkrum sinnum komið fyrir á ferlinum.

Mér hefur oft fundist að bestu umbjóðendurnir séu þeir sem þora að spyrja „heimskulegu“ spurninganna. Að það sé ákveðið gæðamerki þegar fólk þorir að tala.

Já, ég er sammála, því oftast en ekki eru þetta bestu spurningarnar, þegar viðkomandi þorir að spyrja hreinskilið og beint. Á móti, þegar maður er að vinna fyrir fyrirtæki í atvinnugreinum sem maður hefur ekki starfað í

sjálfur, t.d. ýmsum iðnaði, þá þarf maður sjálfur að spyrja „heimskulegu“ spurninganna og fá útskýringar á því hvernig eitthvað virkar. Það er skemmtilegt að fá innsýn inn í aðrar atvinnugreinar, aðra heima.

500 munnlega flutt dómsmál

Veistu hvað þú hefur flutt mörg mál?

Þau er mörg. Ég hef flutt hátt í 500 mál fyrir íslenskum dómstólum síðan ég fékk málflutningsréttindin í janúar 1998 og því verið samtals vel á annað ár í dómsal. Þá er fjöldi mála sem fulltrúar hafa flutt fyrir mig, og ég borið ábyrgð á, örugglega tvöfalt meiri. Fyrir utan að flytja mál fyrir Hæstarétti og Landsrétti hef ég náð að flytja mál fyrir öllum héraðsdómstólunum átta, lokaði hringnum fyrir nokkrum árum í Héraðsdómi Vestfjarða. Hef líka flutt nokkur mál skriflega fyrir Mannréttindadómstól Evrópu.

Hvernig undirbýrð þú þig undir málflutning?

Ég er mjög skipulögð, legg mig fram um að þekkja málið í þaula sem og dómafordæmi – hvort sem þau eru málstað umbjóðanda míns í vil eða ekki og svo fræðin á viðkomandi sviði. Ég er hins vegar löngu hætt að vera með skrifaða ræðu frá A til Ö.

Málflutningsyfirlit og tilvitnanahefti þurfa að vera vel úr garði gerð en svo skiptir máli að vera sveigjanleg þegar á hólminn er komið því málin geta breyst í dómsal, t.d. eftir skýrslutökur eða spurningar dómara leiða til þess að breyta þarf áherslum. Í þeim aðstæðum þarf að þekkja málið það vel að maður geti brugðist sem best við.

Daginn fyrir málflutning er ég tilbúin með öll gögn, málflutningsyfirlit, tilvitnanhefti og ræðupunkta. Mér finnst gott að vakna snemma, jafnvel um kl. 5.00, enda morgunhafi, taka lokayfirferð yfir skjölin og tilvitnanirnar. Eftir það finnst mér gott að fara út að ganga með hundinn og fara yfir málið í huganum. Oftar en ekki kemur þá eitthvað, einhver framsetning, einhverjir punktar, sem gerir málflutninginn meira lifandi og rökfastari.

Eru einhver sérstök mál sem þú hefur komið að sem málflytjandi sem eru eftirminnilegri en önnur?

Það voru til dæmis gífurlegir hagsmunir í lífeyrissjóðsmálinu sem ég flutti fyrir Hæstarétti í fyrri og snerist um það hvernig mætti líta til hækkandi lífaldurs þjóðarinnar við ákvörðun greiðslna úr lífeyrissjóðum. Af málum frá fyrri tíð þá get ég nefnt að ég var verjandi í Bausmálinu og einnig í Kaupþingsmálunum eftir efnahagshrunið, sem sum fóru í nokkra hringi í dómskerfinu. Svo eru mörg önnur mál eftirminnileg annað hvort vegna mikilvægis þeirra sem fordæma í íslenskum rétti, einkum á sviði skaðabótaréttar og vátryggingaréttar, eða þar sem eitthvað skemmtilegt hefur gerst í aðalmeðferð eða orðið uppákomur í vitnaleiðslum.

Hvað einkennir góðan málflutning?

Málflutningur þarf að vera kjarnaður, lifandi. Ekki upplestur á stefnu og greinargerð. Ef lögmaður þekkir málið vel þá hefur hann trú og kjark til að fjalla um aðalatriðin og skilja hismið frá kjarnanum. Þá er hann með allt sitt á hreinu. Dómari þarf að sjá að málflytjandi hafi trú á því sem hann er að segja og viti líka hvað hann er að tala um. Til þess er þetta nú allt gert, til þess að sannfæra dómara.

Að lokum, getur þú gefið ungum lögmönnum ráð sem eru að stíga sín fyrstu skref í lögmennsku?

Já, að afla sér góðrar þekkingar í fræðunum á viðkomandi sviði og ekki síður að halda henni vel við. Vera skipulögð, vandvirk og sinna öllum verkum af heilindum. Svo má ekki gleyma að njóta og hafa gaman af starfinu. ♦



Tæknivæðing dómstólanna tekur skref fram á við

„Þróun og innleiðing réttarvörslugáttarinnar fyrir dómstólana er stórt og flókið verkefni, bæði tæknilega og lagalega, enda þarf stafræn málsmeðferð að samrýmast réttaröryggi og grundvallarreglum um réttláta málsmeðferð,“ segir Kristín Haraldsdóttir framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar sem hefur síðustu ár unnið að þróun réttarvörslugáttar fyrir dómstóla. Lögmannablaðið tók hús á þeim Kristínu og Snædís Ósk Sigurjónsdóttir lögfræðingi til að forvitnast um hvernig gengi með þetta gríðarstóra verkefni.



*F.v. Íris Elma Guðmann,
Kristín Haraldsdóttir og
Snædís Ósk Sigurjónsdóttir.*

Hvernig er staðan í dag?

Kristín: Það var ákveðið í upphafi að byrja á sakamálum og eru allar lagaheimildir fyrir hendi svo reka megji sakamál rafrænt og nýta stafrænar lausnir eftir að lög nr. 53/2024 um breytingu á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. tóku gildi í júlí 2024.

Snædís: Rannsóknarmál hafa borist héraðsdómstólum um réttarvörslugátt í nokkur ár og til Landsréttar í um tvö ár. Fyrir um ári síðan bárust svo fyrstu ákærumálin til héraðsdómstólanna en fyrst um sinn aðeins í umferðalagabrotum. Í febrúar síðastliðnum heimilaði dómstólasýslan ákærvaldinu að senda ákæru, ásamt öðrum skjölum, til héraðsdómstóla í málum þar sem ákært væri fyrir önnur brot samhliða umferðalagabrotum. Frá 26. september hefur ákærvaldinu svo verið heimilt að senda ákæru í öllum málum til héraðsdómstóla um gáttina þegar það er tæknilega mögulegt. Að svo stöddu á það aðeins við í málum þar sem einn er ákærður. Samhliða því að ákærumál fóru að berast héraðsdómstólum um réttarvörslugátt var farið að birta ákæru og fyrirköll í stafrænu pósthólfi.

Hvers vegna er einungis hægt að senda mál þar sem einn er ákærður?

Snædís: Það að ákærðu séu fleiri en einn í sama máli getur flækt málsmeðferðina og þarf viðmótið í réttarvörslugáttinni að gera ráð fyrir öllum mögulegum tilvikum sem upp geta komið. Til dæmis þarf að vera hægt að kljúfa mál, gera ráð fyrir mismunandi afstöðu ákærðu til sakarefna og mismunandi

niðurstöðu. Unnið er að því að gera þetta tæknilega mögulegt og er viðmótið í hönnun.

Finnst ykkur þróunin ganga nógu hratt fyrir sig?

Kristín: Þróun réttarvörslugáttarinnar gengur vissulega hægar en við myndum vilja en þar spilar m.a. inn í takmarkað fjármagn frá fjárveitingarvaldinu. Á hinn bóginn hefur verið lögð áhersla á það frá upphafi að vandað sé til verka og verkefnið unnið í skrefum. Er það í samræmi við ráðgjöf frá systurstofnunum okkar á Norðurlöndunum.

Samkvæmt reglum dómstólasýslunnar um form, afhendingarmáta og staðfestingu skjala í dómsmálum nr. 1662/2024 er skylt að senda gögn í sakamálum rafrænt til héraðsdómstóla, óháð því hvort þau komi jafnframt á pappír. Á meðan réttarvörslugáttin getur aðeins tekið við ákveðnum málategundum hefur dómstólasýslan boðið upp á rafrænar gagnasendingar um bráðabirgðagátt. Sú gátt er langt frá því að vera fullkomin enda fyrst og fremst hugsuð sem tímabundin gjaldfrjáls lausn til gagnasendinga.

Hver eru næstu skref?

Kristín: Næsta stóra skref í sakamálum er birting dóma í stafrænu pósthólfi. Þróun hvað það varðar er á lokametrunum og munu birtingarnar hefjast innan fárra vikna. Þá er verið að vinna í því að réttarvörslugáttin geti tekið við málum þar sem fleiri eru ákærðir. Ef við horfum aðeins lengra fram í tímann þá er komið að því að tryggja að ákærumálin geti flætt rafrænt til Landsréttar og síðan Hæstaréttar.

Hvað einkamálin varða þá þarf frekari lagabreytingar svo þau megi reka rafrænt. Þar skiptir höfuðmáli að ákvæði laga um meðferð einkamála um þingfestingu gera enn ráð fyrir að málin komi inn á pappír. Dómstólasýslan horfir nú til þess að þau einkamál sem sæta afbrigðilegri meðferð, þ.e. þau sem dómstólarnir birta fyrirkall í, geti farið í rafrænan farveg. Við sjáum tækifæri til að fækka með því handtökum og bæta nýtingu mannafla við dómstólana. Dómstólasýslan sendi tillögur til dómsmálaráðuneytisins síðastliðið vor um breytingar á ýmsum lögum, þ.á m. lögum um gjaldþrotaskipti og lögum um nauðungarsölu sem heimiluðu birtingu fyrirkalls í stafrænu pósthólfi. Ákvæðum þess efnis var bætt við frumvarp dómsmálaráðuneytisins um breytingu á lögum varðandi stafræna og rafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum sem birt var í Samráðsgáttinni nú í lok ágúst.

Eru starfsmenn réttarkerfisins jákvæðir gagnvart rafrænum skilum gagna?

Snædís: Reynslan af rannsóknarmálunum hefur verið mjög góð og dómara eru sammála um að réttarvörslugáttin hafi einfaldað meðferð rannsóknarmála til muna. Reynslan af ákærumálum er styttri og innleiðingin í raun enn í gangi en dómstólarnir virðast almennt jákvæðir. Við höfum lítið heyrt frá verjendum og ákærendum. Það hafa þó komið einstaka ábendingar frá ákærendum þar sem m.a. hefur verið kallað eftir því að mega senda ákæru í fleiri málum en umferðalagabrotum um réttarvörslugátt. Dómstólasýslan brást við þeirri ábendingu með ákvörðun sinni frá 26.

september sl. Dómstólasýslan fagnar öllum ábendingum um hvernig megi gera betur og hvetur lögmenn til að hafa samband.

Hvað eru margir að vinna í verkefninu?

Snædís: Verkefnið um réttarvörslugátt er rekið af dómsmálaráðuneytinu og er gríðarlega umfangsmikið. Að því koma margir frá mismunandi stofnunum réttarvörslukerfisins en hvað varðar þann hluta sem snýr að dómstólunum er það að einhverju leyti á herðum allra starfsmanna dómstólasýslunnar þótt tveir hafi unnið mest að því. Eins hefur starfsfólk dómstólanna verið viljugt til að leggja sitt af mörkum og lögmenn hafa einnig verið okkur innan handar, meðal annars í rýnihópi lögmanna.

Hvenær má búast við því að öll mál verði stafræn?

Kristín: Réttarvörslugáttin nær til fleiri stofnana réttarvörslukerfisins sem allar þurfa að ganga í takt. Dómstólasýslan hefur lagt áherslu á að öll sakamál verði komin inn í gáttina sem fyrst og þegar nauðsynlegar breytingar á lögum um meðferð einkamála hafa verið gerðar er hægt að byrja á einkamálunum. Það er ekki alfarið á okkar forræði og því erfitt að meta hvenær að því kemur.

Ekki má gleyma því að tæknivæðing dómstólanna snertir á mun fleiri þáttum en réttarvörslugáttinni. Varanleg heimild til stafrænna þinghalda, sem kom inn með lögum nr. 53/2024, er mjög þýðingarmikil og til þess fallin að bæta aðgengi að dómstólum og auka skilvirkni í þeim málum þar sem slík þinghöld geta átt við. Dómstólasýslan hefur áhuga á

Því að kanna í hvaða tilvikum og hversu oft slík þinghöld fara fram. Þá væri áhugavert að vita hversu oft lögmennt óska eftir því að þinghöld fari fram um fjarfundabúnað. Tæknibúnaður til stafrænna þinghalda er til staðar hjá héraðsdómstólunum og Landsrétti en kominn er tími á að fá nýjan og fullkomnari búnað. Kaup á slíkum búnaði er í útboðsferli og má gera ráð fyrir því að uppsetning hans hefjist snemma á nýju ári. Nýr búnaður er

líka forsenda þess að unnt verði að taka í notkun svokallaðan talgreini sem getur fært talað mál í texta. Að lokum er vert að nefna að dómstólasýslan er nú á lokametrinum við hönnun á nýjum vef dómstólanna þar sem m.a. verður ný dómaleitarvél.

Þau sem vilja koma fram ábendingum varðandi réttarvörslugáttina geta haft samband beint við dómstólasýsluna eða sent tölvupóst á rettarvorslugatt@island.is. ♦

*Kristín Haraldsdóttir**Snædís Ósk Sigurjónsdóttir*

Bifreiðahlunnindi eigenda og stjórnenda

greiðsla tekjuskatts af tveimur fuglum í skógi?

Framkvæmd laga, ekki síst lagaákvæða sem íþyngja borgurum, má ekki ganga lengra en orðalag þeirra gerir ráð fyrir. Það skiptir ekki máli þótt það sé erfitt fyrir skattyfirvöld að sanna með óyggjandi hætti að einstaklingum hafi hlotnast tiltekin gæði – slíkt réttlætir ekki að leggja öfuga sönnunarbyrði á skattborgara. Þá verður að gera kröfu um að rammi laga og reglna sé skýr og fyrirtækjaeigendur gangi að því vísu hverjar kröfur eru gerðar til þeirra að því er varðar skjölun og skráningu um notkun eigna fyrirtækisins.



Bréf frá skatti

Undanfarin ár hefur borið á fjölda mála sem hefjast á fyrirspurnarbréfi ríkisskattstjóra lítilla fyrirtækja með takmarkaðan fjölda starfsmanna, sem eru skráð eigendur fólksbifreiða. Hefur verið lagt fyrir eigendur, sem í flestum tilvikum eru einnig starfsmenn, að gera grein fyrir notkun bifreiðanna og upplýsa hvort starfsmenn, einkum þeir sjálfir, hafi haft bifreiðina til einkanota. Öll eiga þessi mál það sameiginlegt að þeir skattaðilar sem málin beinast gegn höfðu ekki minnsta grun um að þeim bæri hugsanlega persónuleg skylda til þess að greiða skatta af ætluðum bifreiðahlunnindum án þess að njóta þeirra í reynd, fyrir þær sakir einar að eiga lítið fyrirtæki sem var skráður eigandi bifreiðar til notkunar í starfsemi þess. Skyldi engan undra.

Í nær öllum þeim málum sem undirrituð

hefur kynnt sér hafa þær skýringar verið veittar að bifreið sé einungis notuð í starfsemi viðkomandi félags, að reglur hafi gilt um bann við notkun bifreiðar í einkaerindum og að þeir eigendur sem fyrirspurnir beindust að hafi átt að minnsta kosti eina bifreið til persónulegra nota og því ekki haft þörf fyrir að nota bifreið í eigu fyrirtækis í einkaerindum. Þau mál sem hafa verið til lykta leidd á vettvangi ríkisskattstjóra og yfirskattaneftnd eiga það sameiginlegt að þrátt fyrir skýringar hefur verið litið svo á að viðkomandi einstaklingar hafi haft bifreið fyrirtækja til umráða sem beri að telja til skattskyldra hlunninda.

Rökstuðningur fyrir þessari niðurstöðu er áhugaverður út frá sjónarhorni lögfræðinnar og kemur jafnvel spáskt fyrir sjónir. Sem dæmi má nefna nýjasta birta úrskurð yfirskattaneftndar.

Saga úr daglega lífinu

Úrskurður 173/2025 varðaði félag sem hafði með höndum ferðaþjónustu. Komið höfðu fram upplýsingar frá eigendum um notkun bifreiðarinnar, auk yfirlýsinga sem staðfestar voru af öðru starfsfólki þess efnis að bann hafi verið við einkanotum. Eigendur félagsins voru auk þess skráðir eigendur annarrar bifreiðar sem notuð var í persónulegum erindagjörðum. Í úrskurði yfirskattaneftndar segir:

„Af hálfu kæranda hafa engin gögn verið lögð fram sem sýna fram á að allur akstur bifreiðarinnar hafi verið í þágu M ehf. Hvað sem líður skýringum kæranda á notkun bifreiðarinnar í þágu félagsins, sem út af fyrir sig er ekki ástæða til að draga í efa, verður að byggja á því að kærandi hafi haft umráð

bifreiðarinnar utan vinnutíma. Þá þykir kærandi ekki hafa varpað neinu ljósi á það hvernig banni við einkanotum bifreiðarinnar hafi verið fylgt eftir. Verður ekki annað ráðið en að í raun hafi kærundur sjálf haft ákvörðunarvald um afnot sín af bifreiðinni í einstökum tilfellum. Þá þykja skýringar kæranda varðandi eigin bifreiðaeign ekki hafa þýðingu við úrlausn málsins. Að því marki sem byggt er á því af hálfu kæranda að notkun bifreiðar í raun hafi þýðingu skal hér enn vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 356/1999 (H 2000:571), sbr. ennfremur dóm Hæstaréttar frá 24. september 2015 í máli nr. 49/2015, en í dómi þessum er tekið fram að með skattlagningu bifreiðahlunninda launamanns, sem nýtur ótakmarkaðra afnota af bifreið, sé verið að skattleggja umráðin sem slík og skipti ekki máli í því sambandi hversu mikið launþeginn nýtir sér umráðaréttinn. [undirstrikun höf.]“

Með öðrum orðum voru skýringar skattaðila á notkun bifreiðarinnar í starfsemi félagsins ekki dregnar í efa, ekki heldur sú staðreynd að bann hafi verið við einkanotkun bifreiðarinnar. Hins vegar vó sýnilega þyngra að engin gögn lágu fyrir sem sýndu fram á að allur akstur bifreiðarinnar hefði verið í þágu félagsins, auk þess sem ekki var varpað ljósi á það hvernig banni við einkanotum var framfylgt.

Möguleiki á notkun skattlagður

Sú regla virðist hafa mótast í framkvæmd að rétt þyki að skattleggja möguleikann á notkun bifreiðar félags í eigin þágu, óháð því hvort slík notkun á sér stað. Það er vandséð hvernig þessi

framkvæmd samræmist þeirri meginreglu tekjuskattslaga að skattskyld séu þau gæði sem skattaðila hlotnast, samanber skýrt orðalag 1. mgr. 7. gr. tekjuskattslaga. Jafnframt er erfitt að fallast á að framkvæmdin samræmist að öllu leyti þeim áskilnaði skattframtals að eigendur og framkvæmdastjórar skuli teljast hafa full og ótakmörkuð afnot yfir bifreiðum sem þeim eru látnar í té og þeir hafa til einkaafnota, samanber orðalag í skattmati sem virðist fela í sér áskilnað um að viðkomandi einstaklingum hafi með aðgerðum verið látin bifreið í té af hálfu félagsins.

Jafnframt hefur það verið lagt í hendur skattaðila að sanna með óbyggjandi hætti að þeir hafi ekki haft umráð bifreiðar í eigu fyrirtækis sem þeir eru í forsvari fyrir. Í þessu samhengi er áhugavert að sjá að í málum sem varða bifreiðahlunnindi er rökstuðningur skattyfirvalda fyrir niðurstöðum skattaðilum í óhag nánast samhljóða í öllum málum, óháð skýringum, framlögðum gögnum og málalátibúnaði viðkomandi aðila hverju sinni. Jafnvel í málum sem varða ólíka starfsemi, þar sem um ræðir ólíkar tegundir bifreiða eftir eðli starfseminnar, í einhverjum tilvikum sérstaklega útbúnar, er í engu tekið tillit til sjónarmiða skattaðila, þrátt fyrir að ekki þyki ástæða til að draga þær í efa, samanber framangreindan úrskurð yfirsattanefndar. Þvert gegn hinni almennu raunveruleikareglu skattaréttar virðist í þessum málum stuðst

við þá löglíkindareglu að fyrst eigendur og framkvæmdastjórar fyrirtækja hafi stöðu sinnar vegna ákvörðunarvald um það hvort þeir noti bifreið fyrirtækis síns í einkaerindum, þá skuli þeir bera skattskyldu vegna ætlaðra ótakmarkaðra afnota af bifreiðinni, óháð því hvort slík afnot hafi í reynd verið fyrir hendi og sama hvað trúverðugum skýringum líður. Með öðrum orðum er öfugri sönnunarbyrði beitt gegn borgurum, sem nær ómögulegt er að axla svo að skattyfirvöldum þóknist. Engum leiðbeiningum er til að dreifa um það hvaða kröfur eru gerðar til sönnunar um þessi atriði og spurningunni um það hvað þurfi til að koma svo sönnun þyki fullnægjandi er ósvarað. Líklegasta svarið er að við þessar aðstæður séu ekki til þau gögn sem skattyfirvöld muni álíta fullnægjandi. Þess í stað eru viðkomandi skattaðilar látnir sæta refsikenndum viðurlögum, í formi álags, fyrir að hafa ekki talið fram til skatts gæði í formi hlunninda sem þeir ekki fengu, en höfðu þó að mati skattyfirvalda möguleikann á að njóta. Það liggur í augum uppi að þessi niðurstaða er gríðarlega íþyngjandi fyrir eigendur smárra og meðalstórra fyrirtækja sem sitja nú uppi um ókomna tíð með gríðarlega fjárhagslega áhættu af því einu að nauðsyn sé á notkun bifreiðar í starfsemi fyrirtækis þeirra. Skattinn skal greiða – sama hvort fuglinn sé einn í hendi eða tveir í skógi. ♦

FKL í Landsrétti

Í byrjun nóvember fóru tíu konur á vegum Félags kvenna í lögmennsku í heimsókn í Landsrétt til að kynna sér starfsemina og að því loknu á Brasserie Kársness. Hervör Þorvaldsdóttir forseti Landsréttar tók á móti hópnum ásamt Ernu Sigríði Sigurðardóttur skrifstofustjóra og var kynningin bæði fróðleg og skemmtileg.

FKL er 21 árs félagsskapur kvenna í LMFÍ sem hefur þann tilgang að efla samstarf milli kvenna og styrkja stöðu þeirra í lögmannastéttinni. Formaður Félags kvenna í lögmennsku er Eva Dóra Kolbrúnardóttir lögmaður hjá EVA lögmönnum.



F.v. Anna Linda Bjarnadóttir, Felicia M. Pralea, Kristín Eva Geirsdóttir, Sandra Ósk Jónsdóttir, Súsanna Björg Fróðadóttir, Ásta Björk Eiríksdóttir, Erna Aradóttir, Þyrí Steingrímsdóttir og Arndís Anna K. Gunnarsdóttir.

Lagaleg áhættustýring í tækniþróun

Kröfur til lögfræðipjónustu hafa breyst hratt að undanfögnu samhliða hraðri tæknivæðingu og breyttri fyrirtækjamenningu. Í stað þess að sinna takmarkaðri lögfræðilegri ráðgjöf um lagakröfur er krafan í auknum mæli orðin sú að lögfræðingar séu virkir og lausnarmiðaðir þátttakendur í vöruþróun og hönnun, þar sem lagalegar kröfur eru hluti af öllum ferlinu, frá upphafi til enda. Vakning hefur átt sér stað um mikilvægi þess að vera til staðar fyrir í atburðarrás þróunar og hönnunar á vöru fyrirtækis, í stað lok hennar, og sú vakning hefur leitt til útvíkkunar á hlutverki lögfræðinga.



Þegar krafan um að lagakröfur séu innbyggðar frá upphafi í vöruþróun og hönnun, breytir það þeirri framkvæmd að fyrst sé farið yfir tékklistann af lagakröfum þegar varan ætti að vera tilbúin, eins og oft er raunin. Sú hugsun að vera með innbyggðar lagakröfur er ekki bara góð hugmynd heldur mikilvægt verklag sem getur endurmótað hlutverk lögfræðinga, samstarfshætti þeirra og verðmætasköpun. Þessi umskipti krefjast nýrrar nálgunar af hálfu lögfræðinga og jafnvel endurskipulagningar á starfsháttum rótgróinna lögmennsstofa sem vilja geta stutt við viðskiptavinum sínum sem starfa í hröðum, tæknivæddum og oft eftirlitskyldum heimi.

Regluverk sem mótar kóða

Þegar nýjar vörur eru þróaðar, einkum á sviði fjártækni, fléttast lagaleg, rekstrarleg og tæknileg sjónarmið saman og móta heildstæða upplifun fyrir notandann. Fjárstreymið er í gegnum hugbúnaðinn, upplýsingagjöf birtist sem viðmótshönnun og áhættustýring fer

fram með vélrænum skipunum. Hver einasta ákvörðun í hönnunarferli vöru eins og áreiðanleikakannanir, framsetning þóknunar, skráning samþykkis, gagnamiðlun og láns hæfisgreining hefur tengipunkta við lögfræðina og gerir kröfu um aðkomu lögfræðings. Í slíku umhverfi getur lögfræðiráðgjöf, sem er veitt eftir að vara hefur verið þróuð og hönnuð, orðið hindrun og leitt til þess að endurhanna þarf vöruna sem er flókið og kostnaðarsamt. Öfugt við það hefur ráðgjöf sem veitt er í upphafi og byrjunarstigi hönnunar og þróunar þau áhrif að kröfurnar eru skýrar í upphafi og þannig er hægt að innleiða og jafnvel endurnýta lausn sem stenst allar kröfur. Þannig er hugbúnaður hannaður með innbyggðar stýringar og ferla. Álitaefni eru greind og leyst áður en kóðinn er skrifaður.

„Innbyggð“ lögfræðipjónusta í framkvæmd

Ef ætlunin er að bjóða upp á lögfræðipjónustu sem uppfyllir þessar kröfur felur það í sér að lögfræðingar verða að vinna náið með vörustjórum, forriturum, hönnuðum og gagnasérfræðingum og þýða lagakröfurnar yfir á þeirra tungumál. Það þýðir að fara þarf yfir fjárstreymið, verkferlana, tæknilýsingar og staðla og setja í það form sem hugbúnaðurinn skilur og yfirfærir í upplýsingagjöf gagnvart notanda. Móta samninga, heimildir og skilaboð þannig að þau samrýmist því hvernig vettvangur vörunnar raunverulega virkar. Það felur í sér að sammælast með þessum aðilum um hvert sé lagalega tilbúið ástand vörunnar, svo teymið viti nákvæmlega hvaða virkni og aðgerðir í hugbúnaðinum þurfa að vera til

staðar áður en varan er sett í loftið. Útkoman ætti alltaf að vera hraðari ákvarðanatataka, færri endurtekningar og áreiðanleg sönnunargögn í bakvinnslu vörunnar sem hægt er að byggja á gagnvart notandanum og eftirlitsaðilum.

Frá áliti til ákvarðanatöku

Innbyggða líkanið kallar á hugarfarsbreytingu lögfræðingsins. Í stað þess að skila löngum minnisblöðum um áhættur þarf lögfræðingurinn að ramma inn valkosti, forsendur, lagagrundvöll og mæla síðan með leið sem er framkvæmanleg. Rekstraráhrif og áhættuvilji kemur inn í umræðuna sem leiðir til viðskiptalegrar ákvörðunar. Óvissa er viðurkennd en ekki gerð að fyrirstöðu, áhættuvilji er gerður skýr og málamiðlanir skjalfestar þannig að vörustjórar og teymið geti eignað sér þær. Ábyrgð lögfræðings er ekki bara í orðum á blaði heldur felst í athöfnum og útskýringum á niðurstöðum við mismunandi forsendur. Ábyrgð sem, þrátt fyrir hugarfarsbreytingu, helst og felst í upplýsingagjöf á valkostum sem tryggja lagalega tilbúið ástand vöru.

Óvissa er viðurkennd en ekki gerð að fyrirstöðu,

Áskorunin fyrir lögfræðinga

Þessi nálgun er ekki einföld né áhættulaus. Hún þarf að fela í sér ákveðinn meðalveg þar sem vöruteymum er ekki leyft að túlka reglur

án lögfræðilegs aðhalds en á sama tíma er lögfræðinni ekki leyft að stöðva framvindu þróunar. Það er mikilvægt að meta nýjungar raunsætt, því margar af þeim áhættum sem fylgja nýsköpun eru í raun eldri skyldur í nýju umhverfi. Kortleggja þarf áhættur og regluverkið af aga, aðgreina nauðsynlegar lagakröfur (lágmarksskilyrði) frá æskilegum (gagnlegt en ekki nauðsynlegt) þar sem virk áhættustýring verður hluti af nálguninni, og halda vel utan um breytingarnar þegar kröfur eða hönnun breytist.

Áskorunin fyrir lögfræðinga felst einkum í að vera með ráðgjöf sem er framkvæmanleg

Áskorunin fyrir lögfræðinga felst einkum í að vera með ráðgjöf sem er framkvæmanleg, víðtæk en einnig nákvæm og skjalfest. Kerfislegar hindranir geta einnig verið til staðar hjá lögmannsstofum þar sem hið hefðbundna

viðskiptalíkan á ekki við, gjaldskráin ekki sniðin fyrir þessa nálgun. Ráðgjöfin felst ekki í ákveðnu verki innan skilgreinds tíma þar sem vörubróun er samfelldur áfangi og misjafnt getur verið hvenær er krafist lögfræðilegrar ákvarðanatöku. Ef lögmannstofur vilja taka þátt í þessari nálgun þurfa þær að aðlaga viðskiptalíkanið sitt og verkfæri sín að henni með því að fjárfesta í þverfaglegri hæfni, tækni og lausnamiðuðu starfsfólki.


Undirbúningur fyrir næstu áskorun

Eftir því sem gagnamiðaðar lausnir og gervigreindin síast inn í vörur og þjónustu þurfa lögfræðingar að auka við kunnáttu sína á því sviði. Það er fagleg skylda okkar lögmannna að vera tilbúin fyrir þá þróun sem felst í aukinni áhættu tengd auknu gagnaflæði og notkun gervigreindar en á sama tíma taka þátt í þeirri verðmætasköpun sem á sér stað á því sviði. Lögfræðin á að vera með í þróuninni og móta.

Lögfræðin á ekki virka sem bremsa heldur sem jafnvægisvog milli lagalegra krafna og þess markmiðs sem stefnt er að. ♦

FORTIS
Lögmannsstofa

Deloitte.
Legal



Tólakveðjur

Hafnarfjörður

Lögfræðipjónusta Hafnarfjarðar

Dalshrauni 5
220 Hafnarfirði

Lögmenn Thorsplani sf.

Fjarðargötu 11
220 Hafnarfirði

Suðurnesjabær

E. M. lögmenn slf.

Hafnargötu 91
230 Reykjanesbæ

Mosfellsbær

Kjarni Lögmennsstofa slf

Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

MG Lögmenn ehf.

Háholti 14
270 Mosfellsbæ

Borgarnes

Lög og land ehf.

Borgarbraut 61
310 Borgarnesi

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness

Borgarbraut 2
340 Stykkishólmi

Akureyri

Almennna lögbjónustan ehf.

Skipagötu 7
600 Akureyri

Íslandsréttur ehf.

Hofsbót 4
600 Akureyri

Jóhannes Már Sigurðarson lögmaður

Skipagötu 14
600 Akureyri

Lögmennsstofa FS

Hafnarstræti 97
600 Akureyri

Lögmennsstofa Norðurlands ehf.

Njarðarnesi 10
603 Akureyri

Egilsstaðir

Bjarni G. Björgvinsson lögmaður

700 Egilsstöðum

Selfoss

Arnthorsson lögmennspjónusta

Austurvegi 4
800 Selfossi

Lög og land ehf.

Austurvegi 10
800 Selfossi

Hvolsvöllur

Lögmennsstofa Christiane L. Bahner

Vestri-Garðsauka
861 Hvolsvelli

Prófmál teljast ekki sem eiginleg mál

Dómsmálaráðuneytið hefur nú úrskurðað í kæru minni vegna umsóknar um málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands. Ráðuneytið staðfesti þann 28. október 2025 ákvörðun sýslumannsins um að hafna umsókn minni. Í rökstuðningi ráðuneytisins kemur fram að þrátt fyrir að ég hafi flutt fimmtán mál munnlega fyrir Landsrétti, sem er lágmarkið samkvæmt 1. mgr. 10. gr. a. laga nr. 77/1998, skulu fjögur þeirra, svokölluð prófmál, ekki teljast með. Með öðrum orðum telur ráðuneytið að mál sem flutt eru sem hluti af prófraun, og fyrir hönd annars lögmanns, uppfylli ekki skilyrði laganna um „eiginleg“ mál. Þannig þarf umsækjandi í svipaðri stöðu og ég að hafa flutt alls nítján mál munnlega fyrir Landsrétti til að fá réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti, þar sem prófmálin eru undanskilin.



Þessi niðurstaða vekur furðu. Í lögunum stendur skýrt að umsækjandi skuli hafa flutt ekki færri en fimmtán mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af að minnsta kosti tíu einkamál. Hvorki er þar minnst á að prófmál skuli undanskilin né settur annar fyrirvari um þau mál. Hefði löggjafinn ætlað að undanskilja prófmál hefði auðveldlega mátt það setja inn í lagatextann. Slíkt kemur þó hvorki fram með skýrum hætti í lagatexta né lögskýringargögnum.

Eðli prófmála

Tilgangurinn með kröfu um fimmtán mál munnlega flutt mál fyrir Landsrétti er að tryggja að lögmennt hafi næga reynslu áður en þeim er veitt heimild til að flytja mál í Hæstarétti. Í því ljósi er erfitt að sjá hvers vegna prófmál ættu ekki að teljast með. Prófmaður undirbýr mál

sitt sjálfur, skilar inn nauðsynlegum gögnum og flytur málið munnlega fyrir dómstólum. Prófmál eru raunveruleg dómsmál með málsnúmeri og þeim lýkur með dómi eða úrskurði. Nafn prófmanns er í dómi eða úrskurði. Sú reynsla sem fæst af prófmálum er engu minni en af öðrum málum – raunar getur undirbúningurinn verið enn ítarlegri þar sem prófmaðurinn þarf að standast sérstakt mat dómara.

Ég tel því að prófmál eigi að fullnægja reynslukröfu greinargerðar laganna á sama hátt og önnur mál fyrir Landsrétti.

Langsótt lagatúlkun

Það sem vekur mesta athygli er sú þrönga lögskýring sem ráðuneytið beitir í þessu máli. Niðurstaðan byggir ekki á beinni orðskýringu ákvæðis 10. gr. a. laga um lögmenn heldur á túlkun á óljósu orðalagi í greinargerð laga nr. 117/2016 sem breyttu fyrrgreindum lögum þegar Landsréttur var stofnaður. Ráðuneytið telur sig þar skynja vilja löggjafans um að prófmál skulu undanskilin. Að mínu mati gefur greinargerðin enga vísbendingu um að það hafi verið ætlun löggjafans að gera prófmál að annars flokks málum.

Þegar stjórnvöld þurfa að styðjast við óljósar röksemdir til að takmarka atvinnuréttindi, þá vakna spurningar um hagsmuni og lagagrundvöll. Atvinnuréttindi lögmanna eru vernduð í stjórnarskrá og því verður að vera skýrt á hvaða forsendum takmarkanir eru byggðar. Að mínu mati stenst þessi túlkun ráðuneytisins hvorki orðalag laganna né tilgang þeirra. Virðist hér hafa verið farin þröng og torsótt leið, sem skapar óvissu fyrir

lögmenn sem sækja réttindi fyrir Hæstarétti, þar sem ósýnileg viðbótarskilyrði koma fram. Slíkt lagaumhverfi þjónar engum tilgangi.

Prófmálin ættu í talningu mála að gilda jafnt og önnur mál. Sérstaklega ef lögmaður stenst prófraun. Annað mál gildir að sjálfsögðu ef lögmaður stenst ekki prófraun. Ég stóðst mínar fjórar samkvæmt dómurum Landsréttar.

Óþörf hindrun

Margir lögmenn hafa haft samband við mig um þetta mál, ýmist vegna þess að þeir eru í sömu stöðu eða sjá fram á að lenda í henni. Það hafa ekki allir lögmenn greiðan aðgang að Landsréttarmálum. Fyrir suma getur því krafa um nítján mál þýtt margra ára bið til viðbótar. Hér er því um að ræða hindrun í mikilvægri réttindaöflun sem ekki á sér lagastoð.

Að mínu mati hefur þessi túlkun ráðuneytisins hvorki sýnilegan ávinning fyrir lögmenn sem nú þegar eru með þessi réttindi né samfélagið í heild. Þeir sem nú hafa réttindi fyrir Hæstarétti tapa ekki á því þótt fleiri hæfir lögmenn bætist í hópinn.

Næstu skref – í héraðsdóm

Ákvörðun ráðuneytisins er áfangasigur fyrir þrönga túlkun skilyrðis laganna um málafjölda fyrir Landsrétti, en málinu er ekki lokið. Ég mun leita úrlausnar dómstóla og tel mikilvægt að fá lögmæti þessarar túlkunar staðfest. Málið snýst ekki bara um mín réttindi, heldur einnig grundvallaratriði um réttaröryggi og meðalhóf í beitingu opinbers valds. ♦

Vika í lífi lögmanns

Fjölbreyttar áskoranir frá degi til dags.

Ég er lögmaður og eigandi hjá LOCAL lögmönnum þar sem ég sinni fjölbreyttum verkefnum á borð við fyrirtækja- og fasteignamál, samningagerð, erfðamál, skattamál og útlendingamál auk fjölmargra annarra tilfallandi áskorana sem lögmannsstarfið færir manni. Starf lögmanns er í raun eins og „buffet“, maður veit aldrei alveg hvað verður á disknum næst. Sum verkefni eru einföld og stutt, önnur eru flókin og krefjandi og taka stundum daga, vikur, mánuði eða jafnvel ár.

Mér þykir afar mikilvægt að rækta fjölskyldu-tímamann og áhugamálin samhliða annasömu starfi. Við hjónin eigum þrjú svo til uppkomin börn á aldrinum 15–24 ára sem öll búa heima, og þótt uppeldisskyldum sé létt af herðum okkar er samveran engu að síður stór hluti af okkar daglega lífi. Við leggjum áherslu á að borða kvöldmat saman þegar þess gefst kostur. Engin vika er eins en hér er innsýn í eina þeirra.

Mánudagur

Ég mætti í vinnuna rétt fyrir klukkan 9.00 og byrjaði daginn á að ná mér í einn ískaldan engifer–lime Collab, sem er orðin ómissandi morgunvenja. Síðan settist ég niður með mínu góða samstarfsfólki og við fórum aðeins yfir helgina. Þótt ég stefni gjarnan á rólegheit um helgar verður það sjaldan að veruleika og því er ég stundum aðeins lúin á mánudagsmorgnum en það lagast fljótt.

Dagurinn hófst á tölvupóstum sem bárust yfir helgina og yfirferð á samningi um sölu á rekstri félags ásamt ráðningarsamningi. Klukkan 11.00 átti ég fund með hjónum um erfðamál en slík mál eru töluvert algeng á okkar borðum. Eftir fundinn greip ég fljótlegan hádegisbita og hélt áfram með verkefnin.

Ég kom heim úr vinnunni rétt fyrir klukkan 18.00 og við hjónin útbjuggum fljótlegan kvöldmat með því að nýta afganginn frá sunnudagsmatnum. Á mánudagskvöldum spila ég badminton í TBR með skemmtilegum og kappsfullum hópi. Ég mætti klukkan 19.40 með spaðann kláran, en gengið var ekki upp



á sitt besta því ég tapaði öllum leikjunum. Það var þó frábær æfing í þrautseigju. Við enduðum síðan á Ölveri og fengum okkur einn kaldan. Það er ekki hefð á hverjum mánudegi en ljúft þegar svo ber undir.

Heima horfðum við hjónin á einn þátt af Succession og ég greip í þrjónaskapinn sem er nýlegt og einstaklega notalegt áhugamál. Ég er að þrjóna peysu á yngri dóttur mína og nýt þess að ljúka deginum með þrjóna í höndunum þegar þess er kostur.

Þriðjudagur

Ég fór á fætur klukkan 6.30 og mætti á Rótarýfund klukkan 7.30 hjá Rótarýklúbbi Reykjavík–Landvættum, sem fundar á Geira Smart við Hverfisgötu. Erindi dagsins flutti Kristján Kristjánsson lýsingarhönnuður. Ég hef verið Rótarýfélagi frá 2018 og mæli heils hugar með þessum góðgerðar- og tengslanetssamtökum. Helsti kosturinn er að kynnst fjölbreyttu og áhugaverðu fólki, byggja upp tengsl og taka þátt í samfélagsverkefnum sem hafa raunveruleg áhrif.

Ég mætti til vinnu um klukkan 9.00 og tók stuttan fund með sameigendum mínum þar sem við fórum yfir verkefnastöðu vikunnar. Þá sinnti ég tölvupóstum áður en ég hófst handa við að útbúa skiptayfirlýsingu vegna fasteignar og erfðafjárskýrslu um fyrirfram greiddan arf. Ég útbjó einnig verðtilboð til erlends fyrirtækis sem óskaði eftir aðstoð við umsóknarferli um dvalar- og atvinnuleyfi fyrir erlenda sérfræðinga.

Eftir hádegi mætti ég í fyrirtöku í Héraðsdómi Reykjavíkur vegna kröfu um opinber skipti. Að henni lokinni fór ég aftur á skrif-



stofuna og vann að drögum að erfðaskrá og kaupmála.

Klukkan 16.00 var ég mætt í Sporthúsið til einkaþjálfara. Aðra daga æfi ég í World Class og reyni að ná því markmiði að lyfta lóðum þrisvar í viku. Áður fyrr stundaði ég nær eingöngu þolþjálfun en á síðustu árum hef ég lagt meiri áherslu á styrktarþjálfun og hún reynist mér góð viðbót.

Á heimleiðinni kom ég við í Fylgifiskum á Nýbýlavegi og keypti tilbúinn fiskrétt í ofninn. Heima hélt ég áfram að vinna um stund en kvöldinu lauk í skipulagi fyrir gönguferð næsta sumars með gönguhópnum RÁP.

Miðvikudagur

Veðrið var frábært, hjart og þurrt, svo ég ákvað að hjóla til vinnu á rafmagnshjólinu mínu sem ég keypti fyrir rúmum tveimur árum. Það hefur reynst mjög góð fjárfesting. Leiðin frá

gamla Vesturbænum í Hús verslunarinnar í Kringlunni er stutt og þægileg og mér finnst hressandi að byrja daginn á hjóli með morgun-útvarp, tónlist eða hlaðvarp í eyrunum.

Fyrri hluti dags fór í fundi með viðskiptavinum. Þá vann ég að greinargerð fyrir skjólstaðing minn sem leggja þarf fram í dómi.

Ég hef í nokkur ár stundað frönskunám við Háskóla Íslands meðfram vinnu og verið skráð í eitt fag á önn. Nú tek ég áfangann Sérverkefni í þýðingum og tók stuttan Teamsfund í hádeginu með kennara mínum til að fara yfir verkefnið og næstu skref.

Í framhaldinu vann ég að greinargerð fyrir skjólstaðing vegna umsóknar hans um ótímabundið dvalarleyfi og skrifaði minnisblað um tollkrít og virðisaukaskatt.

Ég var komin heim um klukkan 17.30, skellti mér í hlaupagallann og hljóp nokkra hringi í kringum Tjörnina.

Eftir kvöldmat vann ég aðeins lengur og lauk deginum með Netflix-þætti og las nokkra kafla í afar áhugaverðri bók sem vinkona mín var að gefa út.

Fimmtudagur

Ég mætti klukkan 8.30 til vinnu og fór fyrst í Bakameistarann í Suðurveri til að kaupa möndluköku handa samstarfsfólkinu. Mér þykir afar vænt um vinnustaðamennninguna okkar og kakan vakti mikla kátínu.

Ég fór yfir kaupsamning vegna fasteignar fyrir erlenda viðskiptavini og var í samskiptum við fasteignasölu og ráðuneytið vegna undanþáguheimilda erlendra aðila til fasteignakaupa hér á landi.

Ég vann að minnisblaði fyrir erlendan

aðila um mismunandi tegundir félagsforma, skattlagningu þeirra og rétt EES-ríkisborgara til dvalar á Íslandi.

Eftir vinnu fórum við hjónin á góðgerðardaginn Gott mál í Hagaskóla þar sem sonur okkar stundar nám. Þar var hægt að kaupa alls kyns góðgæti og við enduðum á að borða kvöldmat í skólanum. Síðar um kvöldið fórum við í sund og prófuðum vel þekktu og áreiðanlega uppskrift: Heitasti potturinn, gufan og kaldi potturinn í Vesturbæjarlauginni.

Föstudagur

Klukkan 9.00 mætti ég í vinnu. Ég byrjaði á að hitta fólk sem kom til að skrifa undir afsal vegna kaupa á fasteign. Því næst vann ég í kærni til dómsmálaráðuneytisins á ákvörðun Útlendingastofnunar um að synja umsókn um íslenskan ríkisborgararétt. Þá vann ég að beiðni um kyrrsetningu til sýslumanns.

Þar sem við höfðum lítið komist yfir sameiginlegan hádegisverð í vikunni á skrifstofunni pöntuðum við pizzur frá Flatay og áttum góða stund saman yfir spjalli.

Síðdegis fórum við hjónin í útgáfuhóf hjá vinkonu okkar sem var að gefa út bók í annað sinn. Stemningin var frábær og eftir á hældum við á Forréttabarninn, hverfisstaðinn okkar, þar sem við nutum góðra rétta og vínslasa.

Laugardagur

Eftir kaffibolla og morgunspjall dreif ég mig út og hljóp 10 km í góðu veðri og tók svo nokkrar ketilbjölluæfingar til að sinna styrktarþættinum líka. Seinna um daginn gengum við hjónin í miðbæinn, fórum á kaffihús og kíktum

í Mál og menningu þar sem karlakórinn Esja hélt opna tónleika.

Um kvöldið borðuðum við með börnunum og horfðum á Netflix. Við erum einmitt að ljúka við að horfa á Succession.

Sunnudagur

Dagurinn hófst á Gróttuhringsgöngu með nokkrum góðum vinkonum í einstaklega fallegu veðri. Að henni lokinni settumst við á Kaffi Vest, fengum gómsætan hádegisverð, spjölluðum og þrjónuðum saman. Stór hluti dagsins fór síðan í frönskuverkefnið mitt, en skilafrestur þess rennur út í byrjun desember.

Um kvöldið elduðum við boeuf bourguignon sem hafði mallað í nokkrar klukkustundir og nýtur mikilla vinsælda hjá öllum fjölskyldu-meðlimum. Við enduðum kvöldið á að horfa á kvikmynd og þrjónarnir komu að sjálfsögðu með í sófann.

Að lokum

Vikan er til marks um hversu fjölbreytt og lifandi starf lögmanns getur verið. Verkefnin eru ólík, og áskoranirnar breytast frá degi til dags. Það sem hvetur mig áfram er að geta leyst raunveruleg mál sem skipta skjólstæðinga mína máli, vera í samstarfi við gott fólk og samhliða að ná því að rækta fjölskyldu, vináttu, nám og áhugamál. Í því felst fyrir mér kjarninn í góðu jafnvægi lífsins. ♦



Staða tjónþola í gallamálum

Með lögum um mannvirki nr. 160/2010 var ætlun löggjafans m.a. að einfalda og skýra ábyrgð aðila í mannvirkjagerð og leggja áherslu á ábyrgð eiganda, þ.e. handhafa byggingarleyfis, á mannvirki í byggingu. Einnig var ábyrgð byggingarstjóra takmörkuð, þar sem tilvist byggingarstjórategygginga hafði leitt til þess í dómaframkvæmd að þeir voru taldir bera ábyrgð á öllu sem talist gat galli í mannvirkjum. En hefur þetta markmið löggjafans náðst?

Flókin ábyrgð

Flestir geta verið sammála um að ábyrgð í málum sem varða galla á mannvirkjum er flókin og heimtur oft takmarkaðar. Matspolar geta verið á annan tug í dómsmálum sem þó eru án verulegs flækjustigs að öðru leyti. Tryggingafélög og úrskurðarnefnd váttryggingamála hafa túlkað takmarkanir á ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga um mannvirki með víðtækum hætti, neytendum verulega í óhag. Fagleg ábyrgð stendur eftir á iðnmeisturum, sem hafa reyndar enga starfsábyrgðartryggingu; er það hvorki skylt samkvæmt lögum né stendur slík trygging þeim til boða; og því lítið fyrir neytendum til þeirra að sækja.



Dómstólar virðast aftur á móti ekki hafa vikið mikið frá þeirri dómaframkvæmd sem myndast hafði fyrir gildistöku laganna um víðtæka ábyrgð byggingarstjóra. Oft er málshöfðun því eina úrræðið til að sækja bætur í byggingarstjórategyggingu. En ef tjónsfjárhæðin er lág er áhættan mikil samfara miklum kostnaði við rekstur dómsmáls. Og sé tjónsfjárhæðin mjög há fæst hún ekki greidd úr tryggingunni, þar sem hámarksbótafjárhæð er ekki nema u.þ.b. 21.000.000 kr. Engu að síður á þessi fjárhæð að bæta alla galla á mannvirki sem má rekja til byggingar þess, þar sem um sé að ræða einn og sama tjónsatburðinn, þó að tjón geti auðveldlega numið hundruðum milljóna í stærri mannvirkjum. Byggingarfulltrúa er reyndar heimilt að krefjast frekari trygginga en hefur það reynst marklaust í framkvæmd, þar sem byggingarfulltrúar eru almennt ekki að velta einkaréttarlegum hagsmunum fasteignakaupenda fyrir sér við lögbundið eftirlit.

Erfitt að sækja bætur

Lög um mannvirki byggja á því að eigandi beri grundvallarábyrgð á göllum mannvirkis og að þannig eigi að vera tiltölulega einfalt að sækja á

byggingarleyfishafa, s.s. fjárfesti eða verktaka, vegna galla á nýbyggingu. Raunveruleikinn er þó allt annar í kerfi þar sem kennitölufلاك er vel þekkt og óbeint form þess einnig algengt, þ.e. að eigandi stofni nýtt félag fyrir hvern stigagang sem reistur er og þeim sé svo einfaldlega slitið þegar mannvirkið er selt. Þetta torveldar tjónþola mjög að sækja rétt sinn gagnvart eiganda þar sem galli getur komið í ljós löngu eftir að mannvirki er tekið í notkun.

Undanfarin ár hefur verið mikið fjallað um háa tíðni galla í nýbyggingum sem og almenn rakavandamál og myglu í bæði nýjum og notuðum fasteignum. Hávær umræða hefur skapast um „fúsk“ og hversu flókið og erfitt það geti verið fyrir tjónþola, sér í lagi neytendur, að sækja bætur í slíkum málum. Þá sitji kaupendur fasteigna við annað og síðra borð hvað aðgengi að úrræðum varði en t.d. þeir neytendur sem kaupa þjónustu eða lausafé og geta leitað til kærnefndar vöru- og þjónustukaupa.

Nýjar reglur til góðs?

Hinn 29. október sl. var fyrsti húsnæðisþakki Félags- og húsnæðismálaráðherra kynntur og þ. á m. tillögur að breyttu byggingareftirliti sem byggja á Vegvísi Húsnæðis- og Mannvirkjastofunar. Tillögurnar felast helst í því að taka upp byggingagallatryggingu; fella niður hlutverk byggingarstjóra; einfalda regluverk; og færa eftirlit byggingarfulltrúa í hendur skoðanastofa. Hvort boðaðar breytingar séu til þess fallnar að bæta réttarstöðu neytenda skal ósagt látið en áform um lögbundna byggingagallatryggingu verður þó að telja jákvætt skref fyrir neytendur verði vel að verki staðið.

Þessar hugmyndir um byggingagallatryggingu byggja á danskri fyrirmynd en þar er slík trygging lögbundin og gildir í 10 ár. Fylgir henni úttekt óháðra aðila á mannvirki og hönnunargögnum á fyrsta ári notkunar og aftur innan fjögurra ára. Fyrstu fimm árin ber verktaki ábyrgð á að lagfæra þá galla sem kunna að koma í ljós, en næstu fimm árin ber tryggingarfélagið ábyrgð. Undir hina dönsku tryggingu falla m.a. lekaskemmdir, jarðsig og mygla og aðrar skemmdir sem hafa áhrif á líftíma og nýtingu hússins. Iðgjöld eru u.þ.b. 1,5% af verðmæti mannvirkis og greiðast af verktaka í einu lagi.

Gagnsemi framangreindra áforma veltur þó alfarið á nánari útfærslu þeirra. Þess þarf að gæta að gildissvið byggingatryggingar verði afmarkað með skýrum hætti, svo skilmálar tryggingarfélaga byggja ekki á of þröngri túlkun og bæti aðeins alvarlegustu tilvikin. Þá þarf að greina vel réttarstöðu neytenda sem standa frammi fyrir göllum sem ekki falla undir trygginguna eða koma í ljós meira en tíu árum frá því að mannvirki er tekið í notkun. Hvernig fá þeir tjón sitt bætt verði hlutverk byggingarstjóra afmáð, iðnmeistarar verði áfram án starfsábyrgðartryggingar og eigendur, þ.e. fjárfestingaraðilar eða verktakar, enn gjarnir á að nýta hinar ýmsu myndir kennitöluflakks?

Þá virðast hugmyndir og áform um skoðanastofur skammt á veg komnar. Ekkert liggur fyrir um það hvernig tryggja eigi óhæði þeirra á örsmáum markaði og hvernig tryggja megi þjónustu á öllu landinu innan við-unandi tímamarka. Væri því æskilegt að hefja ítarlegt samráð við hagaðila og notendur sem allra fyrst til að útfæra nánar þessar tillögur, kortleggja áhrif þeirra og tryggja að hagsmunum neytenda verði gætt í þeirri vinnu. ♦

Rammaáætlun, stjórnsýslan og réttarríkið

Rammaáætlun, byggð á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun, er eitt veigamesta stjórnþæki stjórnvalda við ákvarðanir um nýtingu náttúruauðlinda. Í ljósi þess að orkuuppbygging, orkuskipti og loftslagsmarkmið kalla á hraðar og skýrar ákvarðanir hefur athygli beinst að því hvort málsmeðferð rammaáætlunar samræmist grundvallarreglum stjórnsýsluréttar og réttarríkisins.

Rammaáætlun forleyfis-veitingarferli

Alþingi flokkar virkjunarkosti í vernd, bið og nýtingu með afgreiðslu þingsályktunar. Þingsályktanir eru samþykktir eða viljayfirlýsingar þingsins þar sem Alþingi lýsir stefnu sinni eða ákvörðununum án þess að festa þær í lög.



Á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun eru teknar endanlegar ákvarðanir um hvort hægt sé að hefja formlegt leyfisveitingarferli eða ekki. Flokkunum þremur, vernd, bið og nýtingu fylgja mismunandi réttaráhrif. Sé orkukostur í nýtingarflokki er stjórnvöldum heimilt að veita leyfi fyrir rannsóknnum og virkjun – að sjálfsögðu að uppfylltum öllum kröfum og skilyrðum tilheyrandi laga og reglugerða. Í bið fara flokkar sem talið er að afla þurfi frekari upplýsingar um – stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu fyrir þá kosti. Í vernd falla orkukostir sem ástæða er talin til að friðlýsa og skal þá hefja ferli að friðlýsingu samkvæmt lögum um náttúruvernd – ekki má veita leyfi fyrir rannsóknnum og virkjun.

Rammaáætlun átti upphaflega að vera stefnumörkun um það hvaða svæði væri hugsanlega hægt að nýta til orkuvinnslu og hvaða svæði ættu að njóta verndar gagnvart slíkum framkvæmdum. Þróunin hefur hins vegar orðið sú að rammaáætlun er í raun orðin að einhvers konar forleyfisveitingarferli,

þ.e. leyfisveitingarferli sem þarf að ljúka áður en hið eiginlega leyfisveitingarferli getur hafist. Þannig senda orkufyrirtæki, eða þróunaraðilar í orkuframkvæmdum, inn tillögur að virkjunarframkvæmdum til verkefnisstjórnar rammaáætlunar og óska eftir því að viðkomandi orkukostur verði metinn samkvæmt lögnum. Í síðustu áföngum rammaáætlunar hefur enginn kostur verið metinn að frumkvæði Umhverfis- og orkustofnunar, eins og lögin gera þó ráð fyrir og hefði verið eðlileg þróun út frá upphaflegu markmiði laganna.

Pólitísk fjallabaksleið

Strangt til tekið lýtur ferli rammaáætlunar ekki lögmálum stjórnsýsluréttar enda hér um að ræða undirbúning að setningu þingsályktunar. Þannig eru verkefnisstjórn og faghópar ekki formlega bundin af meginreglum stjórnsýsluréttar í starfi sínu, svo sem um málshraða, andmælarétt, rökstuðning eða kæruehimildir. Sama á auðvitað við um ákvörðun ráðherra ef hann breytir niðurstöðu verkefnisstjórnar áður en hún er lögð fyrir Alþingi. Á Alþingi er þingsályktun afgreidd á forsendum stjórn mála þar sem alþingismenn eru að sjálfsögðu ekki bundnir við annað en eigin sannfæringu.

Hins vegar er það svo að í vinnu verkefnisstjórnar og faghópa eru teknar fjölmargar, veigamiklar ákvarðanir sem hafa mikil áhrif á réttindi einstakra aðila. Má þar til dæmis nefna ákvörðun um hvaða verkefni eru tekin til skoðunar og meðferðar hjá verkefnisstjórn á hverjum tíma. Sé verkefni ekki tekið til mats verkefnisstjórnar kann það að þýða margra

ára frestun á því að verkefni fái meðferð stjórnvalda á grundvelli laganna. Ákvarðanir um það hvaða verkefni eru valin til meðferðar og af hverju eru ekki sérstaklega rökstuddar og engin leið fyrir aðila að átta sig á því hvað ræður því vali.

Og jafnvel þó verkefni sé tekið til skoðunar og komist í gegnum afgreiðslu verkefnisstjórnar eru flest þeirra flokkuð í biðflokk. Biðflokkur var upphaflega hugsaður sem tímabundin lausn þegar gögn skorti eða forsendur vantaði til endanlegrar ákvarðanatöku. Í framkvæmd hefur biðflokkur hins vegar breyst í pólitíska fjallabaksleið til að sleppa því að taka ákvörðun - slá því á frest um ótiltekin tíma - og þar geta virkjunarkostir setið fastir árum eða áratugum saman.

Tafir rammaáætlunar

Í stjórnsýslurétti er málshraði ekki tilviljunarkennd regla heldur hluti af vernduðum réttindum borgaranna. Það leiðir af 9. gr. stjórnsýslulaga og 70. gr. stjórnarskrár að mál sem snerta réttindi manna og skyldur verði afgreidd án ástæðulausrar tafar. Afgreiðsla mála innan rammaáætlunar hefur hins vegar oft tekið mörg ár í hverjum áfanga. Þegar við bætist að afgreiðslan er forsenda þess að hefja leyfisveitingarferli, getur heildarafgreiðslutími orðið áratugir.

Þetta er sérstaklega alvarlegt í ljósi þess að tafir rammaáætlunar eru ekki aðeins stjórnsýslulegt vandamál. Í því felst einnig takmörkun á atvinnufrelsi, takmörkun á nýtingu fasteigna og auðlinda og truflun á eðlilegri skipulagsgerð sveitarfélaga. Slík bið getur varla talist samrýmanleg lögbundnum kröfum um málshraða.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun er því lýst að leyfi stjórnvalda þurfi til að reisa og reka raforkuver og slík leyfi megi binda víðtækum skilyrðum. Svo segir í greinargerðinni um þær takmarkanir sem í frumvarpinu felast á eignarráðum og atvinnufrelsi: „Almennt hefur verið talið að löggjafanum sé heimilt að setja eignarráðum og atvinnufrelsi almennar takmarkanir af þeim toga sem að framan er lýst án þess að til bótaskyldu komi enda uppfylli þær jafnræðissjónarmið og þjóni almannahagsmunum. Telja verður að þær takmarkanir sem kunna að felast í frumvarpinu séu af sama meiði og framangreindar takmarkanir.“

Það má vel hugsa sér að lögin stæðust framangreindar kröfur og í þeim fælust almennar takmarkanir á eignarráðum og atvinnufrelsi, ef rammaáætlun hefði þróast í þá átt að vera stefnumarkandi um hvaða svæði væri hægt að nýta til orkuvinnslu og hvaða svæði skyldu njóta verndar gagnvart slíkum framkvæmdum. Svo er hins vegar ekki.

Endurskoðun laga nauðsynleg

Í ferli rammaáætlunar og með þingsályktun eru nú teknar endanlegar ákvarðanir um tiltekin og afmörkuð eignarráð og atvinnufrelsi án þess að við meðferð þeirra mála sé fylgt meginreglum stjórnsýsluréttar og gætt að eignarréttindum og atvinnufrelsi. Í þessari stuttu grein hefur fyrst og fremst verið fjallað um málið út frá sjónarmiðum um málshraða en álitaefnin eru fleiri og fjölmörg.

Nauðsyn þess að endurskoða lög um verndar- og orkunýtingaráætlun er ekki eingöngu spurning um stefnumótun í orkumálum; hún er kjarni réttarríkis, stjórnsýsluhátta og stjórnarskrárvarinna réttinda borgaranna. Ríkið verður að tryggja að ákvarðanir sem hafa svo víðtæk áhrif séu teknar á grundvelli skýrra laga, málefnalegs mats og fullnægjandi réttarverndar. Það hefur ekki verið tryggt hingað til. ♦



Könnun á þjónustu og trausti til dómstóla

Dómstólasýslan kannar þriðja hvert ár viðhorf lögmanna og ákærenda til þjónustu dómstóla og mælir traust til þeirra. Tilgangurinn er að fá endurgjöf á þjónustu dómstóla frá þeim sem best þekkja til starfseminnar. Niðurstöður könnunarinnar eru jákvæðar um flest og almennt mælist ánægja og traust svipað og í síðustu könnun. Hér á eftir verður stiklað á stóru um helstu atriði en nánari upplýsingar má nálgast á vefnum domstolasyslan.is.

Almennt mikið traust til dómstóla

Alls bera 85% frekar mikið, mjög mikið eða fullkomið traust til héraðsdómstólanna,



74% til Landsréttar og 89% til Hæstaréttar. Hlutfallið er nær óbreytt frá 2022 hvað varðar Landsrétt og Hæstarétt en traust til héraðsdómstóla hefur aukist þar sem síðast mældist það 81%.

Langflestir lögmenn og ákærendur telja að dómarar og starfsmenn á öllum dómstigum vinni störf sín af heilindum, virðingu og heiðarleika, gæti fyllsta trúnaðar og að málsmeðferð sé réttlát og opinber. Hlutfall þeirra sem telja að dómarar séu sjálfstæðir í störfum sínum er einnig hátt eða um 85% hjá héraðsdómstólum, 82% hjá Landsrétti og 90% hjá Hæstarétti. Um 7-10% svarenda svöruðu „hvorki né“ en þetta eru svipuð hlutföll og árið 2022.

Tæplega 70% svarenda eru þeirrar skoðunar að dómar og úrskurðir héraðsdómstóla séu rökstuddir með fullnægjandi hætti hjá héraðsdómstólum og Landsrétti. Langflestir eru hins vegar á þeirri skoðun að dómar Hæstaréttar séu rökstuddir með fullnægjandi hætti.

Ánægja með þjónustu dómstóla

Um 84% svarenda eru ánægð með þjónustu héraðsdómstóla sem er ívið hærra hlutfall en árið 2022 þegar 81% sögðust vera ánægð.

Hlutfall þeirra sem eru ánægð með þjónustu Landsréttar er nokkuð lægra eða 72% sem er svipað og árið 2022. Þá eru um 82% ánægð með þjónustu Hæstaréttar og eingöngu um 1% óánægðir. 17% voru hvorki ánægð né óánægð.

Of langur málsmeðferðartími

Alls telja 65% málsmeðferðartíma of langan hjá héraðsdómstólum og 82% hjá Landsrétti og hefur lítið breyst frá árinu 2022. Alls telja 41% málsmeðferðartíma ívið of langan hjá héraðsdómstólum, 24% telja hann alltof langan og 34% hæfilegan. Um 57% svarenda telja málsmeðferðartíma fyrir Landsrétti alltof langan, 25% telja hann ívið of langan og 17% hæfilegan. Annað er upp á teningnum hjá Hæstarétti þar sem 87% telja að málsmeðferðartími sé hæfilegur og aðeins 11% telja hann ívið of langan eða allt of langan.

Svörin endurspeгла að vissu marki málsmeðferðartíma hjá dómstólum þótt það sé ekki alveg algilt. Málátölur sýna að meðal málsmeðferðartími í munnlega fluttum einkamálum hjá héraðsdómstólum lengdist úr 368 dögum árið 2020 í 393 daga árið 2024. Meðal málsmeðferðartími í sakamálum frá Héraðssaksóknara hefur verið svipaður síðustu ár eða um 170 dagar.

Meðal málsmeðferðartími hjá Landsrétti í áfrýjuðum einkamálum hefur lengst úr 326 dögum árið 2020 í 385 daga árið 2024. Þessu er ólíkt farið í áfrýjuðum sakamálum þar sem málsmeðferðartími frá útgáfu áfrýjunarstefnu

hefur styst úr 243 dögum árið 2020 í 162 daga árið 2024. Sé tekið mið af skráningu mála hjá Landsrétti er munurinn enn meiri þar sem meðal tími frá skráningu máls að útgáfu áfrýjunarstefnu árið 2020 var 194 dagar en 178 dagar árið 2024.

Þá hefur málsmeðferðartími hjá Hæstarétti í áfrýjuðum sakamálum og einkamálum lítið breyst frá 2020.

Ýmsir þjónustubættir

Af svörum um einstaka þjónustubætti má ráða að flest telja mikilvægast að viðmót dómara og starfsmanna sé gott, símasvörun sé góð og að afgreiðslutími erinda sé stuttur. Lögmenn og ákærendur eru almennt ánægðir með þjónustu dómstólanna hvað þessi atriði varðar og þá einkum með viðmót starfsmanna annarra en dómara. Hlutfall þeirra sem eru ánægð með viðmót dómara er þó almennt nokkuð hátt. Það hefur hins vegar farið lækkandi hjá Landsrétti þar sem 67% svarenda eru ánægðir með viðmót dómara.

Ánægja með opnunartíma dómstóla, vefsíður þeirra, tæknilegan aðbúnað og öryggi í húsnæði dómstóla er almennt minni en hvað varðar ofangreinda þjónustubætti.

Dómstólasýslan hefur unnið að ýmsum úr-vbótum að undanfögnu, þar á meðal á vefsíðum dómstóla og tæknibúnaði. Prófanir standa nú yfir á nýjum vefsíðum og er stefnt að því að taka þær í notkun í byrjun næsta árs. Vefsíðurnar verða áfram í þróun og því mikilvægt að fá endurgjöf frá lögmönnum og ákærendum hvað varðar uppsetningu, efni og leitarvél. Þá hefur dómstólasýslan ráðist í útboð á nýjum hljóð-, mynd- og

fjarfundarbúnaði fyrir alla héraðsdómstóla og Landsrétt. Nýr og fullkomnari búnaður verður vonandi kominn í notkun í vor.

Gerðar hafa verið úttektir á öryggi í húsnæði allra dómstóla sem hafa leitt í ljós mikla þörf á úrbótum. Sumar þessara breytinga krefjast umtalsverðs fjármagns. Dómstólasýslan hefur gert bæði dóm-smálaráðuneytinu og Alþingi grein fyrir mikilvægi úrbóta og þörf á fjármagni til þeirra og mun fylgja því eftir. Viðhorf lögmanna og ákæranda til öryggis í húsnæði dómstóla styrkir þann málflutning dómstólasýslunnar.

Í lokin

Úrtakið náði til 1152 lögmanna og ákæranda en alls svöruðu 323, eða um 28% sem er heldur minna en síðustu ár. Það er miður þar sem könnunin er mikilvæg við mat á því hvað megi gera betur hjá dómstólunum og hvar áherslurnar í þeim efnum eigi að liggja. Dómstólasýslan þakkar þeim sem tóku þátt kærlega fyrir svörin og hvetur lögmenn og ákærendur til að nýta tækifæri til að koma á framfæri afstöðu sinni til þess sem vel er gert og hvað megi bæta hjá dómstólum. ♦

Lögmannafélag Íslands óskar skýringa frá Landsrétti vegna þóknunarákvarðana

Lögmannafélag Íslands hefur sent Landsrétti erindi þar sem óskað er eftir skýringum og fundi með forseta réttarins vegna nýlegra ákvarðana um þóknun skipaðra verjenda og talsmanna. Félaginu hafa borist ábendingar frá fjölmörgum lögmönnum sem telja að þóknunarákvarðanir uppfylli ekki þau viðmið sem leiða af lögum og reglum um hæfilega þóknun fyrir skyldustörf lögmanna.

Í erindinu er bent á að réttur sakborninga og annarra aðila til aðstoðar skipaðs verjenda, talsmanns eða réttargæslumanns sé órjúfanlegur hluti af réttlátri málsmeðferð samkvæmt Stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu. Á móti hvíli sú skylda á lögmönnum að taka við slíkum skipunum – og á sama tíma eigi þeir skýran rétt á sanngjarnri þóknun fyrir störfin. Félagið lýsir áhyggjum af því að úrskurðir og dómur Landsréttar hafi vikið frá þeim viðmiðum sem almennt er byggt á, án þess að fram komi fullnægjandi rökstuðningur fyrir slíkum frávikum. Slíkt sé til þess fallið að grafa undan fyrirsjáanleika og samræmi í ákvörðunum um þóknun skipaðra verjenda og talsmanna.

Hver/Hvað/Hvert

HRL - RÉTTINDI

Ásta Sóllilja
Sigurbjörnsdóttir
Embætti ríkislögmanns
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

LRL - RÉTTINDI

Birgir Tjörvi Pétursson
LLG Lögmenn ehf.
Laugavegur 31
101 Reykjavík

Elimar Hauksson
EH Legal
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Grímur Már Þórólfsson
Réttindi lögmennsstofa
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Hafsteinn Viðar
Hafsteinsson
PACTA Lögmenn ehf.
Katrínartúni 4
105 Reykjavík

Helgi Þorsteinsson Silva
Norðdahl, Narfi & Silva
Hlíðasmári 10
201 Kópavogi

Ingi Freyr Ágústsson
Juralis lögmennsstofa
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

Smári Hilmarsson
Legis ehf. Lögfræðistofa
Kjalarvogur 12
104 Reykjavík

HDL - RÉTTINDI

Alex Þór Sigurðsson
Vátryggingafélag Íslands
Ármúla 3
108 Reykjavík

Aron Ás Kjartansson
KPMG Law ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Bjarki Már Magnússon
LOGOS lögmennspjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík

Dagbjört Jóna Hauksdóttir
Gjaldskil ehf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Egill Gylfason
Lögmennsstofan Vogin
Dalvegi 16b
201 Kópavogi

Gabríela Markúsdóttir
Mörkin lögmennsstofa
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Haukur Þorsteinsson
Lögmennsstofan
Valdimarsson
Hlíðarfæti 15
102 Reykjavík

Jóhann Óli Eiðsson
Deloitte Legal ehf.
Dalvegi 30
201 Kópavogi

Jón Nordal
LLG Lögmenn ehf.
Laugavegi 31
101 Reykjavík

Jónína Þórdís Karlsdóttir
Húseigendafélagið
Síðumúli 29
108 Reykjavík

Sóldís Rós Símonardóttir
LOGOS lögmennspjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík

Teitur Snær Tryggvason
Arion banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

ENDURÚTGEFIÐ

Auður Kolbrá Birgisdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Auður Tinna
Aðalbjarnardóttir
Claudia and Partners Legal
Services
Lágmúla 5
108 Reykjavík

Birna Ketilsdóttir
LMG lögmenn
Skólavörðustíg 25
101 Reykjavík

Birgir Ármannsson
Lögfræðistofa Reykjavíkur
Borgartúni 25
105 Reykjavík

Bjarni Már Magnússon
Polestar Legal
Hlíðarhjalli 70
200 Kópavogur

Erna Á. Mathiesen
Samherji hf.
Katrínartún 2
105 Reykjavík

Gunnlaugur Úlfsson
Embætti ríkislögmanns
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Helga Leifsdóttir
Kringlan 7
103 Reykjavík

Helgi Magnús Gunnarsson
Bollagörðum 93
170 Seltjarnarnesi

Hervör Pálsdóttir
Vörður tryggingar
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Hildur Hjörvar
Eftirlitsstofnun EFTA
Avenue des Arts 19H
Brussel

Hrafnhildur Guðjónsdóttir
HG lög slf.
Bæjarhrauni 6
220 Hafnarfirði

Jóhannes Stefánsson
Nýbýlavegi 10c
200 Kópavogi

Margrét Helga Kr.
Stefánsdóttir
Lagastoð
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Ólafur Egill Jónsson
Málsvari lögmennsstofa
Laugavegi 182
101 Reykjavík

Sandra Hlíf Ocares
Grettisgötu 49
101 Reykjavík

Vigdís Ósk Häsler
Sveinsdóttir
Reykvískir lögmenn
Pósthússtræti
101 Reykjavík

Svanhildur Anna
Magnúsdóttir
Advania ehf.
Katrínartúni 10
103 Reykjavík

NÝR VINNUSTAÐUR

Alex Þór Sigurðsson
Fulltingi slf.
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Andri Björgvin Arnþórsson
Arnthorsson
lögmannsstofa
Austurvegur 4, 800
Selfossi

Benedikt Baldur
Tryggvason
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík

Björg Jóhannesdóttir
Nox Medical ehf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Bryndís Guðmundsdóttir
Sjúkratryggingar Íslands
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík

Brynjólfur Sigurðsson
Samkeppniseftirlitið
Borgartún 26, 105
Reykjavík

Grímur Sigurðarson
Land lögmenn
Hlíðasmára 9
201 Kópavogi

Guðmundur Sæmundsson
VÍS tryggingar hf.
Ármúli 3
108 Reykjavík

Halla Björgvinsdóttir
Össur Iceland ehf.
Grjóthálsi 5
110 Reykjavík

Halldór Ingi Blöndal
HB Legal slf.
Borgartún 28
105 Reykjavík

Helga Guðmundsdóttir
Novo Holdings A/S
Tuborg Havnevej 19
2900 Hellerup
Danmörk

Hildur Gunnarsdóttir
Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Hildur Helga Kristinsdóttir
Embætti borgarlögmans
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hlynur Ólafsson
FNF ehf.
Neshaga 16
107 Reykjavík

Heiðar Ásberg Atlason
AX lögmansþjónusta slf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogi

Hrefna Þórsdóttir
Lögmál
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

Jóhannes Stefán Ólafsson
Lögberg lögmansstofa
Skiptótt 50D
105 Reykjavík

Jóhanna Edwald
Netflix Services Sweden
AB
Jakobsgatan 6
Stokkhólmi

Jóna Vestfjörð
Hannesdóttir
Land Lögmenn ehf.
Hlíðasmára 9
201 Kópavogi

Kristján Óli Ingvarsson
ADVEL lögmenn ehf.
Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík

Ólafur Evert Úlfsson
BBA Fjeldco
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Páll Heiðar Halldórsson
Sjúkratryggingar Íslands
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík

Sigurður Jónsson
Sverrir Sigurjónsson
Lagaland - Lögmansstofa
Hlíðarsmári 4
201 Kópavogur

Sigurður Orri Hafþórsson
Atlas lögmenn
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sigurlaug Helga
Pétursdóttir
Festi hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogi

Sunna Axelsdóttir
Ásey lögmansstofa
Hafnarstræti 93-95
600 Akureyri

Svavar Daðason
Deloitte Legal ehf.
Dalvegi 30
201 Kópavogi

Unnur Erla Jónsdóttir
Reitir fasteignafélag hf.
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík

NÝTT HEIMILISFANG

Aníta Óðinsdóttir
Smáragötu 1
900 Vestmannaeyjum

Anna Linda Bjarnadóttir
Lexista ehf.
Laugavegi 13
101 Reykjavík

Arnar Kormákur
Friðriksson
Íslenska lögræðistofan
Austurstræti 10a
101 Reykjavík

Árni Helgason
Örlög slf.
Austurstræti 10a
101 Reykjavík

Ásgeir Örn Blöndal
Jóhannsson Sigmundur
Guðmundsson
Pacta lögmenn
Hafnarstræti 93-95
600 Akureyri

Baldvin Már Kristjánsson
DELIKT Lögmenn
Garðabraut 33
300 Akranesi

Benedikt Smári Skúlason
Birgir Már Árnason
Kjartan Ragnars
Oddur Valsson
Reynir Þór Garðarsson
Þórir Helgi Sigvaldason
Cicero lögmennsstofa
Grensásvegi 1
108 Reykjavík

Birgir Örn Guðmundsson
Ólafur Rúnar Ólafsson
Sunna Axelsdóttir
Lögmennsstofa
Norðurlands
Njarðarnesi 10
603 Akureyri

Bjarni Þór Sigurbjörnsson
Erlendur Þór Gunnarsson
Felicia Mariana Pralea
Rebekka Ósk
Gunnarsdóttir
OPUS lögmenn
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

Björn Þór Karlsson
BK Legal ehf.
Hagasmára 3
201 Kópavogi

Elín Árnadóttir
Kjarni Lögmennsstofa slf.
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Eva Huld Ívarsdóttir
Huld lögmennsstofa
Skiptiholti 50d
105 Reykjavík

Friðleifur Egill
Guðmundsson
FG consulting slf.
Síðumúla 34
108 Reykjavík

Friðrik Smáráson
Lögmennsstofa FS
Hafnarstræti 97, 5. hæð
600 Akureyri

Haukur Örn Birgisson
Ingvar Smári Birgisson
Úlfur Þór Andrason
Firma lögmenn
Grensásvegur 13
108 Reykjavík

Jón Magnússon
Magnús Jónsson
Vivos lögmenn
Köllunarklettsvegi 1
104 Reykjavík

Rútur Örn Birgisson
Dalsfoss legal ehf.
Hæðarbyggð 23
210 Garðabæ


Steinn S. Finnbogason
Traust Legal
Miðleiti 5
103 Reykjavík

Valgeir Kristinsson
Akralind 6
201 Kópavogi

Þorsteinn Ingason
Lögmennsstofa Þorsteins
Ingasonar
Kalkofnsvegi 2,
Hafnartorgi
101 Reykjavík

Þuríður Björk
Sigurjónsdóttir
Íslenskir lögmenn ehf.
Hlíðarvegur 60
200 Kópavogur

VISSIR ÞÚ AÐ LÖGMANNABLAÐIÐ er líka logmannabladid.is



Nú er í boði að kaupa auglýsingapláss,
bæði borða og box í hliðarrönd
á logmannabladid.is

Upplýsingar fást hjá oflun@oflun.is